


**BERGVIN ODDSSON**

*Frekar áhugamaður um skíði en iðkandi*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON**

*Ofmat heimspeki Ólafs Stefánssonar*

Skemmtileg mistök í Gettu betur

**FÓLK 26**




**Láttu okkur snúast í kringum þig!**

A4 einblöðungur, prentað báðu megin
1.000 stk. 33.000,- + vsk

Bæklingur 10x21 cm. 6 síður
1.000 stk. 43.800,- + vsk.

www.isafold.is
Sími 595 0300

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. febrúar 2009 — 48. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



### Sú besta í 18 ár

Ný hljómplata Bono og félaga í U2 fær góðar viðtökur hjá gagnrýnendum.

**FÓLK 20**

### 100 ára starfsafmæli



Kvenfélagið Líkn í Vestmannaeyjum hefur starfað í 100 ár og hefur aldrei veri öflugra en nú.

**TÍMAMÓT 16**

### Friðlýsum Ísland

„Áþreifanleg hætta stafar af umferð kjarnorkuknúinna farartækja í kringum landið“, skrifar Sverrir Jakobsson.

**Í DAG 14**



### Risaslagur á San Siro

Inter tekur á móti Evrópumeisturum Man. Utd í Meistaradeildinni í kvöld.

**ÍÞRÓTTIR 22**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING SUNNAN TIL** Í dag verður vaxandi austan átt, 10-20 m/s síðdegis með ströndum norðan og vestan til annars hægari. Rigning eða slydda syðra en él og síðar snjókoma norðan og austan til.

**VEÐUR 4**


„…fyrst á visir.is“

vísir.is
…ég sá það á visir.is




**Í FULLUM SKRÚÐA** Þær fara ekki um í neinum lörfum þessar brasilísku dansmeyjar. Enda er kjötkveðjuhátíðin í algleymingi og dömurnar sem koma úr hinum virta dansskóla Unidos de Vila Isabel hafa undirbúið sig svo vikum skiptir fyrir þessa uppákomu í Rio de Janeiro. Eflaust horfir hugur margra Íslendinga þangað suður nú þegar grátt er um að litast hér heima. En hátíðinni lýkur nú í dag svo grár hversdagsleikinn tekur við í Brasilíu á morgun. MYND/NORDIC PHOTOS/AFP

# Gæti frestað komu AGS

**Hvorki forsætis- né fjármálaráðherra vilja segja til um hvaða áhrif frestun frumvarps um Seðlabanka kunni að hafa á heimsókn AGS til landsins í vikunni.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við erum að fá hingað til lands fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, væntanlega á fimmtudaginn. Það verður að vera komin festa í starf bankans til að fulltrúar AGS geti rætt við bankastjóra sem ekki eru á förum úr bankanum, samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Endurnýjun þar er nauðsynleg til að endurreisa trúverðugleika Seðlabankans innanlands og utan,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

Í gær var afgreiðslu viðskiptanefndar á frumvarpi um Seðlabankann frestað, eftir að Höskuldur Þórhallsson úr Framsókn studdi tillögu sjálfstæðismanna um að bíða eftir evrópskri skýrslu um bankamál.

„Ég held þetta sé bara fyrirsláttur sjálfstæðimanna til að tefja þetta mál. Það kom mér mjög á óvart að þeir skyldu leggja fram þessa tillögu um að beðið yrði eftir þessari skýrslu sem ekki einu sinni er vitað hvort komi á miðvikudaginn,“ segir Jóhanna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vill heldur ekki segja til um hvaða áhrif þetta geti haft á tímasetningu heimsóknar sjóðsins. „Ég skal ekkert segja um það. En það var reiknað með að þeir kæmu seinni part vikunnar og þeir hafa gert ráð fyrir því að ýmsir hlutir yrðu gerðir klárir,“ segir hann.

Jóhanna segir jafnframt ljóst að skýrslan evrópska „snúist fyrst og fremst um eftirlit með fjármálum innan Evrópusambandsins og fjármálamörkuðum og stöðugleika í fjármálum. Hún hefur ekkert að gera með þau efnisatriði sem við erum að fjalla um í þessu frumvarpi, sem er breyting á stjórnskipulagi bankans og að bankastjóri sé faglega ráðinn og að koma á peningastefnunefnd eins og er hjá öðrum þjóðum.“

Birgir Ármannsson, fulltrúi sjálfstæðismanna í viðskiptanefnd, segir hins vegar að skýrslan verði lögð fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á miðvikudag og gerð opinber í framhaldinu. Starfsmaður sem komi að skýrslugerðinni hafi sagt viðskiptanefnd frá þessu en ekki getað greint frá efni hennar.

Ángela Gavirira, fjölmiðlafulltrúi AGS, gat ekki staðfest í gærkvöldi að nefnd AGS kæmi hingað til lands á fimmtudag. - kóþ

Eldri borgarar eru æ duglegri við að hreyfa sig:

## Aldraðir leika sér á öskudag

**HEILSA „Íþróttir aldraðra eru alltaf hugsaðar sem innlegg í heilsuvernd og mega ekki útheimta svo mikil átök að heilsu iðkenda sé stefnt í voða,“ segir Guðrún Nielsen, formaður Félags áhugafólks um Leikdag aldraðra sem haldinn verður í Íþróttahúsinu við Austurberg í 22. sinn á morgun.**

**„Aldraðir eru að verða æ duglegri að hreyfa sig og eftir því sem yngri kynslóðir eldri borgara koma inn eykst vitundin um gildi hreyfingar, því með þeim bætast við æ fleiri sem stundað hafa íþróttir, jafnvel alla ævi.“**

- þlg / sjá Allt

Úrskurðuð í sjö daga gæsluvarðhald vegna lögreglurannsóknar:

## Grunuð um að stjórna vændi

**LÖGREGLUMÁL** Catalina Mikue Ncogo, sem liggur undir grun um að hafa gert út vændiskonur hér á landi og hagnast af því, hefur verið hneppt í varðhald hér. Hún sætir einnig rannsókn vegna gruns um aðild að fíkniefnamálum bæði hér heima og erlendis. Hún hefur verið úrskurðuð í gæsluvarðhald fram á föstudag.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var konan að koma frá Hollandi í síðustu viku þegar hún var handtekin í Leifsstöð. Íslenskur vinur hennar hafði þá verið gómaður á flugvellinum í Amsterdam með talsvert magn af sterkum fíkniefnum í fórum sínum. Hann situr nú inni fyrir tilraun til fíkniefnainnflutnings til landsins. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lengi fylgst með konunni, sem ættuð er frá Miðbaugs-Gíneu, en verið búsett hér á landi um skeið. Rökstuddur grunur er um að hún hafi gert út erlendar vændiskonur í fjölbýlishúsi að Hverfisgötu 105 en einnig á heimili sínu í Hafnarfirði. Íbúar fjölbýlishússins höfðu ítrekað kvartað undan hávaða. Sjálf hafði konan sagt í viðtali við Stöð 2 að konurnar í íbúðinni „skemmtu körlum“ og ekkert væri athugavert við það.

Konan var úrskurðuð í gæsluvarðhald í sjö daga og mun hafa kært þann úrskurð til Hæstaréttar.





ostur.is

**Brauðostur á tilboði**

Nú færðu Brauðost 26% í sérmerktum kílóastykkjum á 20% lægra verði í næstu verslun!



HÚSAVÍKUR Jógúrt




Tilvalið í hádeginu

## SPURNING DAGSINS



*Þórður, kemstu þá ekkert á netið?*

„Jú, það eru nokkur grásleppunet eftir.“

Þórður Vormsson á nú í deilum við sveitarstjórn Voga á Vatnsleysuströnd en bæjarstarfsmenn hentu 41 grásleppuneti hans þegar hreinsunarátak fór fram þar í bæ.

Taílenskur veitingastaður í Reykjanesbæ býður upp á ókeypis kvöldverð:

# Býður upp á ókeypis kvöldverð

**SAMFÉLAGSMÁL** Eigendur taílenska veitingastaðarins Thai Keflavík í Reykjanesbæ hafa ákveðið að bjóða ókeypis máltíð á fimmtudaginn. „Þetta er aðallega hugsað sem okkar innlegg til að létta undir hjá þeim ófáu sem eiga undir högg að sækja í þessu árferði,“ segir Magnús Heimisson, rekstrarstjóri og einn eigenda staðarins.

Hann segir að ef vel takist til muni Thai Keflavík bjóða upp á eina ókeypis máltíð í mánuði fram á sumar. „Og þá verður þetta alltaf í lok mánaðar þegar það er farið að þrengja að hjá fólki.“

Hann segir margt þurfa að koma til svo hægt sé að gera svona nokkuð en nú séu flestir til í að leggja hönd á plóg. „Ég er búinn að vera að sanka að mér fiski, núðlum og hrísgrjóni og svo hef ég fengið fjölskyldumeðlimi til að taka til hendinni í þessu. Við erum sérstaklega þakklát fyrir að hafa fengið fiskinn á hagstæðum kjörum.“

Ekki er svo vítt til veggja á Thai Keflavík að þeir geti boðið öllum til sætis svo fólki er uppálagt að grípa máltíðina með heim frá klukkan fimm síðdegis til klukkan átta. Magnús segir það þekkt fyrirbæri í hagfræðinni að það sé ekkert til sem heiti ókeypis hádegisverður. „En það gildir annað um kvöldverðinn,“ segir hann sposkur. **- jse**



**Á THAI KEFLAVÍK** Magnús segir að þó að sagt sé í hagfræðinni að ekkert sé til sem heiti ókeypis hádegisverður þá gildi annað um kvöldverðinn á fimmtudag á Thai Keflavík. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Borgarastríðið á Sri Lanka:

# Stjórnin hafnar vopnahlésboði

**SRI LANKA, AP** Talsmenn Tamílatígra, vopnaðrar hreyfingar aðskilnaðarsinnaðra tamíla á Sri Lanka, sögðust í gær vera reiðubúnir að semja um vopnahlé við stjórnvöld, en tjáðu Sameinuðu þjóðunum í bréfi að þeir myndu ekki fallast á að leggja niður vopn.

Sri Lankastjórn hefur aftur á móti hafnað boðinu, með þeim orðum að skæruliðar Tamílatígra séu „að reyna að bjarga sínum auma rassi“.

Stjórnarhernum hefur með sókn sinni undanfarnar vikur tekist betur en áður að hrekja Tamílatígra frá helstu vígjum sínum á norðausturhluta eyjarinnar. **- aa**

Japansstjórn óvinsæl:

# Krafa um afsögn styrkist

**JAPAN, AP** Taro Aso, forsætisráðherra Japans, er nú kominn í hóp þeirra ríkisstjórnarleiðtoga í sögu landsins frá stríðslokum sem nýtur minnstra vinsælda. Hið hverfandi fylgi vekur efasemdir um að Abe sé sætt í embætti mikið lengur.



**TARO ASO**

Þetta sýndu niðurstöður tveggja viðhorfskannana sem birtar voru í gær. Samkvæmt könnun sem gerð var fyrir dagblaðið Mainichi er stuðningur við Abe kominn niður í 11 prósent, og samkvæmt könnun fyrir Nikkei-viðskiptablaðið mælist hann um 15 prósent. Stór hluti kjósenda vill að hann víki strax og enn stærri hluti vill kosningar hið fyrsta. **- aa**

Skógareldarnir í Ástralíu:

# Nýir eldar í hita og vindi

**ÁSTRALÍA, AP Fjöldi íbúa í dreifbýli Viktoríufylkis í Ástralíu flúðu heimili sín í gær eftir að hvassviðri blés í bókstaflegum skilningi í glæður kjarr- og skógareldanna sem hafa geisað þar um slóðir síðustu vikur og orðið á þriðja hundrað manna að aldurtila.**

**Slökkvilið og sjálfboðaliðar hafa unnið þrotlaust að því að ráða niðurlögum eldanna síðan í verstu hrinunni í kringum 7. febrúar.**

**En veður hefur haldist þurrt og í gær fór hitastigið aftur upp fyrir 30 gráður, sem ásamt vindhviðum lét eldana blossa upp á ný. Í varúðarskyni flúði því fólk úr næsta nágrenni eldanna úr húsum sínum.** **- aa**

# Gestir hneykslaðir á sumarlokun í sundi

**Magnús Ólafsson leikari segir áform um að loka einu útisundlaug Hafnfirðinga stóran hluta sumars út í hött. Hann boðar söfnun undirskrifta. Forstöðumaður laugarinnar segir töluvert sparast með lokun. Auk þess sé komið að viðhaldi.**

**FÓLK** „Það er ótækt að eiga að þurfa að fara í önnur sveitarfélög til að komast í almennilegt sund einmitt á besta tímanum,“ segir Magnús Ólafsson leikari, ósáttur við fyrirhugaða sumarlokun Suðurbæjarlaugar í Hafnarfirði.

Magnús er fastagestur í Suðurbæjarlaug og hefur verið frá því laugin var opnuð fyrir nítján árum. „Ég heyrði það nú bara hjá starfsfólkinu að það eigi að spara í launum og loka lauginni í júní og stóran hluta af júlí,“ segir Magnús sem skrifaði í framhaldinu bréf í bæjarblaðið Fjarðarpóstinn og krefur bæjaryfirvöld um skýringar.

Þrjár sundlaugar eru í Hafnarfirði en Suðurbæjarlaug er sú eina sem er útilaug. Magnús segir að aðstaðan þar sé sú besta á landinu. „Fyrir okkur sem erum vön útilaugum og útiklefum er alls ekki það sama að fara í innilaug. Og það er út í hött að ætla að loka lauginni um mitt sumar þegar sól er hæst á lofti og flestir vilja fara í sund. Sérstaklega finnst mér það hart gagnvart fjölskyldufólki sem vill fara með krakkana sína í sund á góðum degi,“ segir Magnús.

Að sögn Magnúsar hafa honum ekki borist nein svör frá bæjaryfirvöldum. Sjálfur leggur hann til í áðurnefndri blaðagrein að laun bæjarstarfsmanna séu lækkuð tímabundið eins og gert hafi verið víða í einkageiranum.

„Allir bæjarbúar vita það að bærinn er skuldsettur en á það að bitna á okkur sem stundum þessa heilsulind? Það veitir ekki af í þessu erfiða árferði að fólk geti hresst upp á sál og líkama,“ segir í grein Magnúsar sem segir við Fréttablaðið að laugargestir séu hneykslaðir. „Nú er talað um að safna undirskriftum gegn þessari lokun eða að fá Hörð Torfason og búsáhaldabyltinguna til að mótmæla líka,“ segir hann.



**MAGNÚS ÓLAFSSON** Hefur verið fastagestur í Suðurbæjarlaug frá opnun og skilur ekki hvers vegna spara þurfi með lokun laugarinnar á sólríkasta tíma ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Björn Árni Ólafsson, forstöðumaður Suðrurbæjarlaugar, segir áætlað að laugin verði lokuð frá 1. júní til 10. júlí samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Ástæðan sé annars vegar sú að komið hafi verið að nauðsynlegu viðhaldi laugarinnar og hins vegar töluverður sparnaður sem náist með því að þurfa ekki að ráða sumarafleysingafólk.

„Starfsfólkið er í sjálfu sér ekki sátt við þessa lokun en telur hana þó skárri kost en að þurfa kannski að stytta afgreiðslutímann allt árið,“ segir forstöðumaðurinn.

**gar@frettabladid.is**



**NÝHÖFNIN** Skattbyrði launþega lækkar um 570 milljarða íslenskra króna.

Kreppan í Danmörku:

# Lækka skatta og vaxtabætur

**DANMÖRK Danska ríkisstjórnin hefur nú lagt fram tillögur sínar að breyttri skattheimtu til að bregðast við samdrættinum í efnahagslífinu. Vaxtabætur verða ekki skertar eins mikið og hugmyndir voru uppi um, að því er greint er frá á fréttavef Politiken.**

**Samkvæmt tillögunum á skattbyrði launþega og fyrirtækja að lækka um sem nemur 570 milljörðum íslenskra króna. Þar sem ekki er gengið eins langt og skattanefnd stjórnarflokkanna á þingi hafði mælt með, að fjármagna skattalækkanirnar með lækkun vaxtabóta, verður hallinn á rekstri ríkissjóðs þeim mun meiri.** **- aa**

Guðlaugur Þór Þórðarson:

# Ráðgjöf fyrir 24 milljónir

**STJÓRNMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, greiddi 24 milljónir fyrir ráðgjöf í ráðherra tíð sinni sem var frá vordögum 2007 þar til í síðasta mánuði. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær.

Allir voru ráðgjafarnir utan ráðuneytisins og veittu liðsinni um heilsustefnu, lyfjamál, fjölmiðlaframkomu og fleira. Argyron ehf. sem er í eigu Ragnars Þóris Guðgeirssonar og gerði úttekt á heilbrigðisstofum Austurlands og Suðurnesja fyrir ráðuneytið fékk hæstu greiðsluna, eða rúmlega tíu og hálfa milljón. **- jse**




Gríptu eintak!

Þú getur nálgast glæsilegan sumarbækling okkar á **Select-stöðvum** á höfuðborgarsvæðinu og **Shell-stöðvum** á Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Einnig má skoða hann á **www.icelandexpress.is**

Iceland Express

Íslensk hugbúnaðarlausn hlýtur viðurkenningu Microsoft í Bandaríkjunum:

# Heiður og gríðarleg ábyrgð

**TÖLVUR** „Þetta er mikil viðurkenning, ekki einungis fyrir okkur hjá TM Software heldur íslenskan hugbúnað í heild sinni. Það er frábært að okkur sé treyst fyrir því að taka þátt í hönnun svo mikilvægra lausna og ábyrgðin sem því fylgir er auðvitað gríðarleg,“ segir Magnús Ingi Stefánsson, viðskipta- og kerfisfræðingur og starfsmaður íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins TM Software.

Magnús fékk senda viðurkenningu og þakkarbréf frá framkvæmdastjóra neyðarstjórnunarteymis Microsoft í Bandaríkjunum fyrir lausn sem hann og fleiri starfsmenn TM Software unnu vegna hamfaranna sem riðu yfir Burma (Myanmar) á síðasta ári. Um hundrað þúsund manns týndu lífi í hamförunum.

Microsoft, sem vinnur náið með Sameinuðu þjóðunum (SÞ) að ýmsum mannúðarverkefnum, hafði samband við TM Software í því augnamiði að þróa lausn, sem byggði á SharePoint forritinu, til að halda utan um gögn og miðlun upplýsinga á hamfarasvæðinu. „Út frá þessu höfum við verið að vinna í samráði við Microsoft að vefgátt sem heldur utan um allar náttúruhamfarir sem verða í heiminum. Við erum einir með þetta verkefni en SÞ munu nýta afraksturinn. Þetta er því mjög stórt verkefni og mikill heiður,“ segir Magnús Ingi Stefánsson. **- kg**



**VIÐURKENNING** Magnús Ingi Stefánsson og Þórmundur Helgason, sem einnig vann að verkefninu, með viðurkenningargripinn glæsilega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Glæsilegt útlit og aukið innanrými með hátæknibúnaði.**
Þú vilt að bíllinn þinn sé traustur og sterkbyggður og jafnframt að unun sé að horfa á hann og sitja í honum í akstri. Nýr Avensis uppfyllir þessar kröfur um gæði frá Toyota. Hann hefur stílhreint og ákveðið yfirbragð, aukið innanrými gefur meiri vellíðan og þar bíða þín ný hljómtæki, Bluetooth, lyklalaust kerfi og ræsihnappur. Hægt er að fá Avensis EXE með rafdrifnum leðursætum og stýri með minnisstillingu.

Nýr Avensis sameinar notagildi, þægindi og vandaðan smekk.
Upplifðu nýjan Avensis. Þú ert öruggur í fyrsta sæti.

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

TOYOTA OPTIMAL DRIVE
*Minimise & Maximise*

**Kynntu þér betur hvað gefur nýjum Avensis sérstöðu á www.toyota.is**

**Today Tomorrow Toyota**

**GENGIÐ 23.02.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,22 | 112,76 |
| Sterlingspund | 164,2 | 165 |
| Evra | 143,95 | 144,75 |
| Dönsk króna | 19,318 | 19,432 |
| Norsk króna | 16,5 | 16,598 |
| Sænsk króna | 12,918 | 12,994 |
| Japanskt jen | 1,1838 | 1,1908 |
| SDR | 166,49 | 167,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
177,9534
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Pískrað innan þings um stjórnarmyndun Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks:

# D og B með 33 menn á þingi

**STJÓRNMÁL** Eftir að Jón Magnússon gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn hefur Sjálfstæðisflokkurinn nú 26 þingmenn. Framsóknarflokkurinn er með 7 þingmenn og því hafa þessir gömlu samstarfsflokkar samanlagt 33 þingmenn. 32 þingmanna meirihluti þótti of ótryggur til að halda stjórnarsamstarfi áfram eftir síðustu kosningar.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að rætt sé um það innan þinghússins að staðan hafi breyst við vistaskipti Jóns.

Allt í einu hafi sá möguleiki orðið raunhæfur að flokkarnir tveir tækju upp fyrra samstarf. Stjórnarþingmaður sem ekki vildi láta nafns síns getið segir allt hafa breyst þegar Jón gekk í Sjálfstæðisflokkinn. Síðan þá hafi Framsókn stoppað allt og stjórnin verið illa starfhæf.



**ALÞINGI** Bent er á þá staðreynd innan þings að Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur hafa nú 33 manna meirihluta á þingi eftir að Jón Magnússon gekk til liðs við Sjálfstæðisflokk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sú staðreynd að Höskuldur Þórhallsson greiddi atkvæði með frestun frumvarps til laga um Seðlabankann í viðskiptanefnd í gær, líkt og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, gaf þessum sögusögnum byr undir báða vængi.

Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, segir það af og frá að viðræður séu í gangi við Sjálfstæðisflokk.

„Það stendur sem við höfum sagt að við verjum ríkisstjórnina vantrausti og við styðjum hana til allra góðra verka.“ - kóp

Viðbrögð við óveðri:

## Foreldrar kynni sér reglurnar

**VEÐUR** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur gefið út samræmdar reglur fyrir grunnskóla og foreldra um viðbrögð við því þegar skólastarf á höfuðborgarsvæðinu raskast vegna veðurs og ófærðar. Reglurnar hafa verið gefnar út á íslensku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og taílensku.

Hvatinn að gerð reglnanna var endurtekin illviðri á höfuðborgarsvæðinu veturinn 2007 til 2008 og ítrekaðar raskanir á samgöngum og skólastarfi vegna þeirra.

Reglurnar eru birtar á vefsíðum SHS og skólanna og eru foreldrar beðnir að kynna sér þær vel. - kg

Dæmdur fyrir kynferðisbrot:

## Fimmtán ára þuklaði tólf ára

**DÓMSMÁL** Ungur piltur hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot. Pilturinn var sakfelldur fyrir að hafa í að minnsta kosti fjögur skipti, á árinu 2007, þuklað á brjóstum og efri hluta líkama stúlku, innanklæða. Einnig þuklað á rassi hennar innanklæða og í öðru tilviki þuklað við kynfæri hennar innanklæða. Hann var þá fimmtán ára og stúlkan tólf ára.

Piltinum var gert að greiða stúlkunni 250 þúsund krónur í miskabætur. - jss

Búferlaflutningar hér á landi:

## Fjölgar mest á Suðurnesjum

**BYGGÐAMÁL Alls fluttu 1.485 til Suðurnesja frá öðrum landsvæðum árið 2007. Þetta kemur fram í nýjum tölum Hagstofunnar.**

**Á sama tímabili fluttu 343 burt af höfuðborgarsvæðinu. Mesti brottflutningur fólks var hins vegar frá Vestfjörðum en alls fluttu 404 manns úr fjórðungnum til annarra landsvæða.**

**Þegar horft er á millilandaflutninga hefur höfuðborgarsvæðið hins vegar enn þá vinninginn með 6.017 manns umfram brottflutta. Alls fluttu 2.432 frá Austurlandi til útlanda.** - óbf

**LEIÐRÉTTING**

Sigurjón M. Egilsson fékk verðlaun fyrir bestu rannsóknarblaðamennskuna fyrir skrif sín um efnahagsmál í Mannlíf og fyrir útvarpsþáttinn Sprengisand á Bylgjunni.

Könnun sem leiddi í ljós að 40 prósent Seyðfirðinga á aldrinum 20 til 65 ára hefðu háskólamenntun eða sambærilega menntun og vitnað var til í frétt um landsbyggðarmál var unnin af Þekkingarneti Austurlands en ekki Capacent.

# Átti að fá 40 þúsund evrur fyrir smyglið

**Hollendingurinn Jacob Van Hinte kvaðst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur hafa átt að fá 40.000 evrur fyrir að smygla hingað tæpum 200 kílóum af kannabisefnum og einu og hálfu kílói af kókaíni. Þorsteinn Kragh er einnig fyrir dómi.**

**DÓMSMÁL** Hollendingurinn Jacob Van Hinte kvaðst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær hafa átt að fá 40.000 evrur fyrir að koma húsbíl, hlöðnum fíkniefnum, hingað til lands. Hann er ákærður, ásamt Þorsteini Kragh, fyrir að hafa ætlað að smygla nær 200 kílóum af kannabisefnum og einu og hálfu kílói af kókaíni til landsins í húsbílnum.

Aðalmeðferð í þessu umfangsmikla fíkniefnamáli hófst í héraðsdómi í gær. Við réttarhöldin í gær kvað Hollendingurinn tvo breska menn, Bill og Jim, hafa staðið á bak við smyglið.

Hann hefði átt að fara með húsbílinn á tjaldstæði, þegar til landsins væri komið, og þar yrði haft samband við hann. Í réttarsalnum kom í ljós að Hollendingurinn var ákaflega „gleyminn“ á símtöl og símanúmer. Hann sagðist hafa verið með marga síma þegar undirbúningur smyglsins stóð sem hæst en myndi ekki númer þeirra. Ekki heldur á rauðum Samsung-síma sem hann var með á sér við handtöku.

Spurður um hvers vegna hann hefði bent á Þorstein Kragh sem vitorðsmann sagðist hann hafa gert það til að saga sín væri trúverðugri, hann hefði hugsanlega losnað úr einangrun og fengið léttari dóm. Þorsteinn hefur neitað allri sök.

Fram kom að þegar Þorsteinn og Hollendingurinn dvöldu saman á Litla-Hrauni breytti sá síðarnefndi vitnisburði sínum og sagði Þorstein saklausan. Hann hafði þó áður sagt Þorstein ganga undir gælunafninu „Kimmi“ og bent á mynd af Þorsteini sem „Kimma“ hjá lögreglu. Þá harðneitaði Hollendingurinn að hafa vitað af kókaíninu í bílnum.

Honum og Þorsteini bar ekki saman um hvort eða hversu oft þeir hefðu hist í Amsterdam. Hins vegar var Þorsteinn mættur til að taka á móti Hollendingnum á Seyðisfirði. Þorsteinn kvaðst hafa talið sig vera að taka á móti 70 til 80 ellilífeyrisþegum á 25 húsbílum vegna ferðaþjónustustarfa sinna.

Í dómsal kom fram að óskráður frelsissími með tilteknu númeri var talinn hafa verið notaður við skipulagningu fíkniefnasmyglsins. Sá sími og einkasími Þorsteins voru oft staddir á sömu slóðum. Þorsteinn gat ekki skýrt það. Ekki heldur hvers vegna pin-númer beggja símanna var 6969, það sama og hann notaði á Skype-samskiptaforritinu. jss@frettabladid.is



**AÐALMEÐFERÐ** Sakborningar huldu andlit sín áður en aðalmeðferð hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Á myndinni, auk þeirra, má sjá Helga Jóhannesson hrl. verjanda Þorsteins Kragh, Pál Arnór Pálsson hrl. verjanda Jacobs, svo og dómtúlk lengst til hægri. FRETTABLAÐIÐ/GVA



**ÞORSTEINN KRAGH** Mættur í dómsal.



**HOLLENDINGURINN** Mættur í dómsal.

## ÚR DÓMSALNUM

*„Ég hata sterk fíkniefni.“ Jacob Van Hinte um fíkniefnaflutninginn.*

*„Um þetta eina, eina og hálfa, þá sagðist ég ekkert vita um það, bara svo þið vitið það.“ Jacob í símtali við óskilgreinda Henny.*

*„Stundum málaði ég gólfin fram eftir.“ Þorsteinn Kragh um vinnutíma sinn í gufubaðinu á Laugarvatni.*

*„Bæði til að hitta kærustuna mína og vinna við að temja hesta.“ Þorsteinn spurður um tilgang ferða sinna til Amsterdam.*

*„Segðu henni bara að þeir hafi tekið hinn gæjann líka.“ Jacob í símtali á Litla-Hrauni.*

*„Ég tók upp alla puttalinga sem ég gat tekið.“ Þorsteinn útskýrir hvers vegna einkasími hans og frelsissíminn hafi svo oft verið á sömu slóðum.*

*„Ég man ekki eftir einstaka símtölum, ekki þetta né önnur símtöl. Það eru svo mörg símanúmer.“ Jakob spurður um símtal í frelsisnúmerið.*

*„Ég þekki engan sem ég gæti selt þetta til á Íslandi.“ Jacob um fíkniefnafarminn.*

**80 MILLJÓNIR**
Þorsteinn Kragh átti um 80 milljónir króna á reikningum og í verðbréfasjóðum. Neikvæður lífeyrir nam 78 milljónum króna. Peninganna hafði hann aflað með undanskoti á sköttum og svörtum tekjum, með því að falsa miða á tónleika.

**800 KÍLÓ AF HASSI**
Jacob Van Hinte sat í níu mánuði í fangelsi á Spáni eftir að hann hafði verið dæmdur þar í landi árið 2005 fyrir að reyna að smygla 800 kílóum af kannabisefnum þangað í seglskútu. - jss


© Inter IKEA Systems B.V. 2009

# Saltkjöt og baunir



395,-

IKEA FOOD

Verslun opin 11-19 alla daga | Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**ÞRÓUNIN Í DAG**
Núna með morgninum er úrkomusvæði að ganga inn á sunnanvert landið með rigningu eða slyddu og vaxandi vindi. Framan af degi verða stöku él nyrðra. Þegar líður hins vegar á daginn nær úrkomuloftið yfir á landið norðanvert og þá má búast við ákafri snjókomu á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi. Samfara þessu hvessir töluvert með ströndum vestan og norðan til.



**Á MORGUN** Norðaustan 8-18 m/s, hvassast nyrst.

**FIMMTUDAGUR** Breytileg átt, 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 5° |
| Eindhoven | 8° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| New York | 1° |
| Orlando | 21° |
| Osló | -1 ° |
| París | 12° |
| Róm | 11° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




Sökum efnahagsástandsins hefur Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar ákveðið að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil rúmum. Með þessu vill hann þakka fyrir þá tryggð og þau viðskipti sem Íslendingar hafa átt við hann í gegnum árin. Um er að ræða takmarkað magn.

**Komdu og fáðu þér gæða rúm á góðum afslætti.**

**CASTAWAY**

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

**CASTAWAY**
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.
**KK-TILBOÐ**
**165.000 kr.**
**= 55.000 kr.**
**AFSLÁTTUR!**



**ADVENTURE**

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa



**AVERY**
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
**KK-TILBOÐ**
**116.250 kr.**
**= 38.750 kr.**
**AFSLÁTTUR!**

**AVERY**

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa



**ADVENTURE**
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.
**KK-TILBOÐ**
**227.925 kr.**
**= 75.975 kr.**
**AFSLÁTTUR!**

## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



## SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 7 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## KJÖRKASSINN



*Notaðir þú fæðubótarefni á síðasta ári?*

| | |
|---|---|
| Já | 23% |
| Nei | 77% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að Varnarmálastofnun verði lögð niður?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Iðnaðarráðherra gagnrýnir sjálfstæðismenn fyrir að verja Davíð Oddsson:

# Össur segir sjálfstæðismenn rústa trúverðugleika sínum



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**STJÓRNMÁL** „Sjálfstæðismenn eru hreinlega að leggja trúverðugleika sinn í rúst með því að leggjast allir sem einn í vörn fyrir seðlabankastjóra sem ekki hefur reynst starfi sínu vaxinn,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra spurður um framgöngu sjálfstæðismanna sem gengu hart fram þegar þingfundi var frestað í gær. „Ég veit vel hvað þetta fólk sagði þegar ég var með þeim í ríkisstjórn.“ Inntur eftir frekari skýringu bætir hann við: „Það voru ekki aðeins ráðherrar Samfylkingar í fyrri stjórn sem töldu þörf á því að skipta um í yfirstjórn Seðlabankans.“

Um framgöngu Höskuldar Þórhallssonar, annars fulltrúa framsóknarmanna í viðskiptanefnd, í gær segir hann: „Mér finnst það alveg eðlilegt að Framsókn syngi sína aríu til þess að minna á að þeirra er þörf til að verja þessa ríkisstjórn.

Ég tel hins vegar að þessi aría hafi ekki verið samin af formanni flokksins heldur sé þarna um sóló að ræða hjá Höskuldi og þar held ég að hann sé á rangri braut. Flokkurinn kýs örugglega að minna á mikilvægi sitt með öðrum hætti.“ - jse

Fjögurra og hálfs árs fangelsi:

# Barði og nauðgaði barnsmóður

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir hrottalega líkamsárás á barnsmóður sína og jafnframt að hafa nauðgað henni.**

**Hann var einnig dæmdur til að greiða henni 1,2 milljónir króna í miskabætur.**

**Maðurinn réðst fyrst á konuna í eldhúsi íbúðar og misþyrmdi henni með höggum og spörkum. Síðar sama dag réðst hann aftur að henni með margvíslegum hrottalegum misþyrmingum og beitti hana svo kynferðislegu ofbeldi.**

**Konan hlaut verulega áverka við athæfi mannsins.** - jss


SAMFYLKINGIN Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

**Framboð til prófkjörs vegna alþingiskosninga 2009**

Frestur til að skila framboðum til prófkjörs Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi vegna komandi alþingiskosninga rennur út

**föstudaginn 27. febrúar n. k. klukkan 18:00**

Yfirlýsingu um framboð skulu fylgja meðmæli eigi færri en 10 og eigi fleiri en 20 fullgildra félaga í Samfylkingunni. Skal það gert bréflega, merkt:

*Formaður Kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Hrauntungu 50, 200 Kópavogi.*

Hver frambjóðandi prófkjörsins skal greiða 40.000 kr. þátttökugjald þegar framboð er lagt fram.

Nánari upplýsingar á samfylking.is og í símum 896-5115 og 822-8384

**Stjórn kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi**



Sígild saga fáanleg að nýju




www.forlagid.is


# Skuldir verði felldar niður og vextir lækki

**Framsóknarflokkur vill fella niður 20 prósent skulda fyrirtækja og húsnæðislána heimila. Stýrivextir lækki strax. Eru tilbúnir að koma tillögum í gegn með stjórn eða stjórnarandstöðu. Gætu myndað meirihluta með Sjálfstæðisflokki.**

**EFNAHAGSMÁL** Höfuðstóll húsnæðisskulda íslenskra heimila og heildarskuldir íslenskra fyrirtækja verða lækkaðar um fimmtung nái tillögur Framsóknarflokksins í efnahagsmálum fram að ganga.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, lagði einnig mikla áherslu á að stýrivextir Seðlabankans lækkuðu sem fyrst þegar hann kynnti tillögur flokksins fyrir fjölmiðlafólki á Alþingi í gær.

Niðurfelling 20 prósenta skulda fyrirtækja og húsnæðisskulda heimila mun ekki hafa í för með sér kostnað fyrir íslenska ríkið, segir Sigmundur Davíð.

Forsenda fyrir niðurfellingunni er að húsnæðislán viðskiptabankanna verði færð í Íbúðalánasjóð. Þær afskriftir sem verða á lánasöfnunum við flutninginn gera það að verkum að sjóðurinn tapar ekki á því að fella niður 20 prósent af öllum húsnæðislánum, segir Sigmundur.

Nýju bankarnir fengu lánasöfn gömlu bankanna með 50 prósenta afslætti, og því tapar ríkið ekki á skuldaniðurfærslunni heldur erlendir kröfuhafar í bankana, segir í tillögum framsóknarmanna. Ríkið gæti þó þurft að kaupa húsnæðislán lífeyrissjóða og sparisjóða, og fella niður fimmtung, til að jafnræði verði með skuldurum, segir í tillögunum.

Kostnaður við það yrði innan við tíundi hluti þeirrar upphæðar sem áformað er að verja í endurfjármögnun bankanna, sem eru 385 milljarðar króna.

Sigmundur segir að erlendir kröfuhafar í bankana séu þegar búnir að afskrifa fjárfestingar sínar hérlendis. Þeir reikni með að allt fé þeirra hér á landi sé tapað, og verði því ánægðir fái þeir eitthvað til baka af peningum sínum. Þeir ættu því ekki að gera athugasemdir við slíka niðurfellingu.

Framsóknarmenn ætluðu að kynna stjórn og stjórnarandstöðu tillögurnar í gær. Birkir Jón Jónsson, varaformaður flokksins, segir að þingið ráði því hvaða framgang tillögur flokksins fái. Lögð verði fram þingmannafrumvörp um einstök mál, og flokkurinn sé tilbúinn að vinna með hverjum þeim sem vilji vinna tillögunum brautargengi.

Sjálfstæðismenn eru með 26 þingmenn og framsóknarmenn 7. Flokkarnir eru því með meirihluta til að ná málum sem báðir eru sammála í gegnum þingið. brjann@frettabladid.is



**TILLÖGUR** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, kynnti tillögur í efnahagsmálum fyrir fjölmiðlafólki ásamt þingmönnunum Siv Friðleifsdóttur (til vinstri), Birki Jóni Jónssyni og Eygló Harðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## STÝRIVEXTIR LÆKKI MIKIÐ STRAX

**Helstu tillögur Framsóknarflokks:**
- Stýrivextir verði lækkaðir strax, hugsanlega í um 12 prósent.
- Öll húsnæðislán heimila og skuldir fyrirtækja verði færðar niður um 20 prósent.
- Hámarkslán Íbúðalánasjóðs verði 30 milljónir króna, en þá verði hámarks lánshlutfall 70 prósent. Hlutfallið verði áfram 80 prósent fyrir lán að 20 milljónum króna.
- Samið verði við erlenda eigendur jöklabréfa og annarra krónueigna.
- Settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur.
- Nýju bankarnir verði stofnaðir fyrir 1. apríl næstkomandi. Kröfuhafar fái hlut í nýju bönkunum.
- Eigur Íslendinga erlendis verði rannsakaðar og skattlagðar. Eigendur hafi frest til að gefa þær upp og gera hreint fyrir sínum dyrum.

**Neytendur:** Leiðrétting

# *Hið rétta um sparperur Húsasmiðjunnar*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Á þessum stað í gær var talað um sparperur. Þar birtust því miður rangar upplýsingar. Hið rétta er að Húsasmiðjan selur Philips Genie-sparperur, en Bónus selur Philips Essential-sparperur. Samkvæmt upplýsingum frá Philips eru Essential-sparperurnar gefnar upp með 6.000 tíma endingu, en Genie með 8.000 tíma. Genie-peran er mun fyrirferðarminni og passar þess vegna í mun fleiri lampa.
Hita-/kuldaþol peranna er mismunandi. Essential er gerð fyrir ræsingu frá -5°C, en Genie er gerð fyrir ræsingu frá -20°C. Genie-peran þolir þess vegna að vera í útiljósum. Oft á tíðum er erfitt að bera saman verð á sparperum því taka verður tillit til eiginleika perunnar, svo sem líftíma, stærð, ræsigetu og fleira.

Genie 18w E-27 sparpera frá Philips kostar 695 krónur í Húsasmiðjunni og hefur gert það í einhvern tíma. Umboðsmaður neytenda birti vitlaust verð og bar saman ólíkar perur. Ég harma mistökin og vonast til að hafa betur kveikt á perunni í framtíðinni.



HONDA
The Power of Dreams

# CR-V

2.0i • 150 hestöfl • 5 gíra sjálfskipting • fjórhjóladrif

kr. 4.770.000



Utanbæjar akstur 6,7 L/100km
Blandaður akstur 8,2 L/100km
Innanbæjar akstur 10,9 L/100km
$CO_2$ 195 g/km útblástur

www.honda.is

Þú finnur það strax og þú mátar glæsilegan CR-V að hann státar af öllu því besta sem hugurinn girnist, hvort sem þú ert að aka í rólegheitum í borginni eða á leið út á land með þá sem þér þykir vænst um; mýkri línur, glæsilegri ásýnd, meira innanrými, minni loftmótstaða, liprari, hljóðlátari og aflmeiri. CR-V hefur ómótstæðilega aksturseiginleika og yfirburðatækni á öllum sviðum; ABS með EBD hemlajöfnunarbúnaði, stöðugleikabúnað með spól- og skrikvörn (VSA - ESP), stöðugleikabúnað fyrir tengivagna (TSA), loftpúða, loftpúðagardínur, loftpúðar í sætum, 17“ álfelgur, tvískipt loftkæling og meiri búnaður en þú getur ímyndað þér.

BERNHARD
Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**UMBOÐSAÐILAR:** Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað verður rennibrautin í nýrri sundlaug á Álftanesi löng þegar hún verður fullbúin?*
2. *Hvaða starfi gegnir Ellisif Tinna Víðisdóttir?*
3. *Hvað heitir ástralski fjárfestirinn sem hefur hug á að kaupa Morgunblaðið?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 26

Leiðtogafundur Norðurlanda haldinn sem norrænt hnattvæðingarþing á Íslandi:

# Virk loftslagsstefna í kreppu?

**NORÐURLÖND** Afdrif hnattvæðingarinnar í heimskreppunni og viðbrögð Norðurlanda við þeirri þróun er aðalviðfangsefni leiðtogafundar Norðurlandanna sem fram fer við Bláa lónið í lok vikunnar.

Fundurinn, sem fram fer hér á landi að þessu sinni þar sem Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, er haldinn í samstarfi við Norðurlandaráð undir yfirskriftinni Norrænt hnattvæðingarþing. Auk norrænu forsætisráðherranna fimm sækja það leiðtogar sjálfstjórnarsvæðanna Grænlands, Færeyja og Álandseyja, fulltrúar atvinnulífs á Norðurlöndum, fjölmiðla, frjálsra félagasamtaka, háskólasamfélagsins og stjórnmála.



**BLÁA LÓNIÐ** Vettvangur fjölmenns norræns hnattvæðingarþings 26.-27. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hugmyndin að árlegu hnattvæðingarþingi byggist á ósk forsætisráðherranna um umræðuvettvang um viðfangsefni og tækifæri hnattvæðingar frá sjónarhóli Norðurlanda. Þingið á bæði að vera hvetjandi og ráðgefandi fyrir norrænu forsætisráðherrana og norrænt samstarf í heild sinni, að því er segir í fréttatilkynningu.

Meðal mála sem rædd verða er hvernig það fer saman að reka virka stefnu í loftslagsmálum á samdráttartímum, hvernig koma má á samræðu einkaaðila og hins opinbera um nýsköpun, hvort Norðurlönd geta skapað stóriðnað í kringum framleiðslu rafmagnsbíla, og fleira. **- aa**

Nauðgarinn fundinn:

# Afplánar dóminn í Póllandi

**LÖGREGLUMÁL Robert Dariusz Sobiecki, sem lýst var eftir í desember, hefur verið handtekinn í Póllandi.**

**Maðurinn hafði verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í þriggja ára fangelsi fyrir að nauðga stúlku á salerni á Hótel Sögu aðfaranótt 17. mars 2007. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni eina og hálfa milljón króna í skaðabætur.**



**ROBERT DARIUSZ SOBIECKI**

**Þegar kom að afplánun á Litla-Hrauni kom í ljós að hann var horfinn, rétt eins og jörðin hefði gleypt hann. Nú er unnið að því að maðurinn afpláni refsingu sína í Póllandi.** **- jss**

Aðkomumaður á leið til Suðurnesja vill koma á laggirnar skrautfiskasafni:

# Pirana-fiskar til Grindavíkur

**GRINDAVÍK** Til stendur að setja upp veglegt skrautfiskasafn í Grindavík að því er fram kemur á vef sveitarfélagsins.

Á grindavik.is er haft eftir Guðmundi J. Sigurgeirssyni að hann sé að flytja til Grindavíkur og sé jafnframt að leita að hentugu húsnæði undir skrautfiskasafn sem hann hafi mikinn áhuga á að koma á laggirnar.

„Miðað við fyrirætlanir Guðmundar er ljóst að skrautfiskasafnið er mjög metnaðarfullt verkefni sem myndi án nokkurs vafa vekja mikla athygli. Öll búr verða með sér útskorinn bakgrunn og því ekkert eins. Gert er ráð fyrir að í þeim verði skrautfiskar úr öllum heimshornum eins og rafmagnsskattfiskar, piranafiskar, kuðungasíkliður, ferskvantsskötur, litlar tetrur og fleira,“ segir á vef Grindavíkur.



**SKRAUTFISKAR** Bæjaryfirvöld í Grindavík taka vel í hugmynd um safn fyrir ferskvatnsfiska í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég hef lifað og hrærst í þessu síðan ég var átta ára og hef þá þekkingu og kunnáttu sem til þarf,“ er haft eftir Guðmundi sem sagður er hafa yfir þrjátíu ára reynslu af ræktun og umhirðu skrautfiska. „Atferli fiskanna og saga þeirra verður skrifuð við hvert búr til að gestir fái innsýn í veröld vatnsins sem er flestum ekki sýnileg, ef þetta gengur nú allt saman upp. Ég vona svo sannarlega að svo verði en fyrst er að finna rétta húsnæðið,“ segir Guðmundur sem kveðst einnig munu setja upp gæludýraverslun í húsnæðinu. **- gar**

## PRÓFKJÖR

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR



Ingigerður Sæmundsdóttir gefur kost á sér í 5. sæti í prófkjör sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi.

### SAMFYLKING

Íris Björg Kristjánsdóttir gefur kost á sér í 3.-5. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi.



Skúli Thoroddsen gefar kost á sér í 1.-2. sæti á lista Samfylkingar í Suðurkjördæmi.

Gísli Baldvinsson sækist eftir 4. til 6. sæti á lista Samfylkingar í Norðausturkjördæmi.

Anna Pála Sverrisdóttir sækist eftir 5. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Reykjavík.

Björgvin Valur Guðmundsson býður sig fram í 5. til 6. sæti í Reykjavík.

### VINSTRI GRÆN



Brynja Björg Halldórsdóttir býður sig fram í 3.-4. sæti í prófkjöri Vinstri grænna í Reykjavík.

### FRAMSÓKNARFLOKKUR

Bryndís Bjarnarson býður sig fram í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi.



Arnheiður Hjörleifsdóttir sækist eftir 2. sæti Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-2253

„Byggja upp andrúmsloft frumkvæðis og nýjunga“

Karlmaður, 52 ára.

Frá því í nóvember höfum við kallað eftir skoðunum viðskiptavina í útibúum og á heimasíðu okkar um það hvernig þeir vilji að nýr banki starfi. Við notum þessar ábendingar til að móta nýjan banka.

Íslandsbanki og Nýsköpunarmiðstöð opna Kvosina – viðskiptasetur

Öllum er ljóst mikilvægi nýsköpunar í breyttu samfélagi. Samningur Íslandsbanka við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um opnun viðskiptasetursetur er liður í því að hlúa að sprotafyrirtækjum og skapa ný atvinnutækifæri.

Frumkvöðlastarf í Kvosinni

Íslandsbanki leggur Kvosinni til húsnæði í Lækjargötu þar sem frumkvöðlar geta unnið að viðskiptahugmyndum í skapandi umhverfi undir handleiðslu sérfræðinga Nýsköpunarmiðstöðvar.

Fáðu nánari upplýsingar á vef Nýsköpunarmiðstöðvar, www.nmi.is.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Vaxtasproti – nýjung í sparnaði

Í samræmi við stefnu Íslandsbanka um að styðja við nýsköpun kynnir bankinn nýjung í sparnaði, Vaxtasprota. Reikningurinn ber góða vexti og bankinn leggur jafnframt 0,1% mótframlag í sérstakan frumkvöðlasjóð sem stofnaður hefur verið til stuðnings sprotafyrirtækjum.

17% ársvextir | Hagur fyrir þig – Þú leggur inn á Vaxtasprota og færð 17% ársvexti* | >> | Hagur fyrir uppbyggingu og nýsköpun – Bankinn leggur mótframlag í Frumkvöðlasjóð Íslandsbanka

*Samkvæmt vaxtatöflu Íslandsbanka 01.02.09

Kynntu þér Vaxtasprota á islandsbanki.is, í næsta útibúi eða fáðu nánari upplýsingar í Þjónustuveri í síma 440 4000.

Íslandsbanki

# Veisla úr hafinu

## ... ódýrara í Nettó!



ÝSA Í RASPI, FORSTEIKT, 1kg
**878** kr/pk.

**ÓDÝRT**




ÝSA 5 PUNDA ASKJA
**1.599** kr/pk.




ÝSUBITAR 1kg
**797** kr/pk.



FISKIBOLLUR 1kg
**599** kr/pk.




X-TRA HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 í pk.
**199** kr/pk.

X-TRA FRANSKAR 1kg
**296** kr/pk.

**ÓDÝRT**




GILDIR 24. - 27. FEBRÚAR

Birt með fyrirvara um prentvillur.


www.markhonnun.is


*Ný verslun!*

www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

**nettó**
- ódýrara en þú heldur



**MUNKAR DANSA** Munkar frá Shaolin-klaustrinu í Kína sýna listir sínar á dans- og bardagalistasýningu í Sydney í Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Niðurstöður könnunar Samtaka atvinnulífsins svipaðar og þær voru í fyrrasumar:

# Útvegsfyrirtæki klára sig flest

**VINNUMARKAÐUR** „Sjávarútvegsfyrirtækin klára sig flest og það þurfa að vera einhverjar sérstakar aðstæður ef þau klára sig ekki. Ég á alls ekki von á því að verði fleiri gjaldþrot þar en í öðrum greinum,“ segir formaður Samtaka atvinnulífsins, Vilhjálmur Egilsson.

Þótt vitanlega verði erfiðleikar í sjávarútvegi sem annars staðar, þá verði þeir bundnir við um 30 prósent fyrirtækja. Um 70 prósent þeirra séu hins vegar betur stödd. Verst sé óvissan, meðan ekki er gert upp við fyrirtækin um gjaldmiðlaskiptasamninga.

Samkvæmt nýrri könnun samtakanna stefna 53 prósent fyrirtækja, sem eiga aðild að samtökunum, á óbreyttan rekstur en 17 prósent hyggjast bæta við sig fólki. Um 30 prósent ætla að fækka starfsmönnum.

Vilhjálmur segir þetta svipaðar niðurstöður og komu fram í könnun sem gerð var í fyrrasumar. Hann getur ekki sagt til um hvaða fyrirtæki það eru sem ætla að bæta við sig starfsfólki, en telur líklegt að ferðaþjónustan komi þar við sögu ásamt útflutningsiðnaði.

Samkvæmt könnun SA verða allt að 19.000 manns atvinnulausir á Íslandi í maí. - kóþ



**FISKVINNSLA** Formaður Samtaka atvinnulífsins á ekki von á að gjaldþrot verði fleiri í sjávarútvegi en öðrum greinum.

Námuslys í Kína:

# Mannskæðasta slysið í ár

**KÍNA, AP Sjötíu og fjórir námuverkamenn fórust í gassprengingu í kolanámu í Gujiao í Norður-Kína á sunnudag. Aðstandendur námuverkamanna streymdu að í gær til að grennslast fyrir um afdrif sinna.**

**Af þrjú hundruð manns sem bjargað var úr námunni voru 114 enn á sjúkrahúsi í gær, þar af fimm mjög þungt haldnir.**

**Talsmaður héraðsstjórnar Shanxi-héraðs sagði alla fundna sem voru í námunni þegar slysið varð.**

**Þetta er mannskæðasta námuslys í Kína það sem af er árinu en slík slys eru tíð í landinu.** - aa








**STJÓRNARKREPPA** Valdis Zatlers Lettlandsforseti, t.h., og fráfarandi forsætisráðherrann, Ivars Godmanis, eftir að forsetinn féllst á afsagnarbeiðni Godmanis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Forsetinn og þingið glíma

**Forseti og þjóðþing Letta takast á um hvort það taki því að reyna að mynda nýja stjórn án þess að efna fyrst til kosninga. Mikil reiði er meðal almennings.**

**LETTLAND, AP** Forseti Lettlands, Valdis Zatlers, sagði í gær að svo kunni að fara að flýta verði kosningum til að koma aftur á pólitískum stöðugleika í landinu. Ríkisstjórnin hraktist frá völdum fyrir helgi vegna óánægju almennings með það hvernig hún hefur tekið á efnahagskreppunni sem hrjáir nú Letta með hliðstæðum hætti og Íslendinga.

Leiðtogar flokkanna sem sæti eiga á lettneska þinginu eru að reyna að koma saman starfhæfri stjórn eftir að samsteypustjórn miðju- og hægriflokka, sem Ivars Godmanis fór fyrir, liðaðist í sundur. En Zatlers forseti sagði í gær að slíkar tilraunir gætu verið til lítils, þar sem vafi léki á því að þær væru til þess fallnar að endurreisa traust almennings á stjórnvöldum.

„Enginn veit hvort þessi (nýja) stjórn verður fær um að ná árangri á næstu mánuðum, og sé hún það ekki, þá…þurfum við á kosningum að halda og endurnýja umboð og samsetningu stjórnmálaaflanna á þingi,“ tjáði Zatlers AP-fréttastofunni. Að gefa fólki færi á að kjósa myndi að sínu mati vera til þess fallið að „tappa reiðinni af samfélaginu, að gefa því tækifæri til að veita löggjafarsamkomunni nýtt umboð“.

Traust til ráðamanna í Lettlandi hefur fallið niður úr öllu valdi í kjölfar þess að stjórnvöld hafa reynst ófær um að stöðva hraðan snúning neikvæðs vítahrings kreppunnar. Fram undir það síðasta var Lettland meðal þeirra landa í hópi nýjustu aðildarríkja Evrópusambandsins þar sem hagvöxtur var mestur, en nú er það landið með mesta samdráttinn. Á síðasta ársfjórðungi nýliðins árs var samdrátturinn yfir tíu prósent miðað við sama tíma árið áður.

audunn@frettabladid.is

Hryðjuverk á útimarkaði í Kaíró í Egyptalandi:

# Franskur ferðamaður deyr

**EGYPTALAND, AP** Hópur franskra táninga á skólaferðalagi varð illa úti er sprengja var sprengd á frægum útimarkaði í egypsku höfuðborginni Kaíró í fyrrakvöld. Sautján ára stúlka dó og á annan tug félaga hennar særðust, misalvarlega.

Tilræðið veldur áhyggjum af því að enn dragi úr ferðamannastraumi til Egyptalands, en efnahagur landsins á nú þegar í alvarlegum kröggum vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar.

Talsmaður yfirvalda sagði að sprengjunni hefði verið komið fyrir undir bekk á kaffihúsi, sem var fullt af ferðamönnum er hún sprakk. - aa



**HERMDARVERK** Egypskur lögreglumaður hefur vökult auga með ferðamönnum í grennd við tilræðisstaðinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið




# SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Sumum finnst gott að fara til útlanda þar sem enginn þekkir mann. Öðrum finnst betra að vera þar sem allir þekkja alla. Fyrir vestan, norðan, austan og sunnan er alltaf eitthvað að gerast hverja einustu helgi og alltaf hægt að finna góða vini. Hringdu í 570 3030 og bókaðu bestu helgi ársins.

**FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.150 KR.***

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 44957 02/09

*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 58 **Velta:** 194 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
248 **+0,22%**

**OMX ÍSLAND 6**
840 **-0,13%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATLANTIC PETROL.** | +4,24% |
| **STRAUMUR-BURÐ.** | +0,56% |
| **ÖSSUR** | +0,32% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FØROYA BANKI** | -1,48% |
| **MAREL FOOD SYS.** | -0,10% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,25 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 443,00 +4,24% ... Bakkavör 1,90 +0,00% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,90 +0,00% ... Føroya Banki 100,00 -1,48% ... Icelandair Group 13,40 +0,00% ... Marel Food Systems 49,85 -0,10% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,81 +0,56% ... Össur 94,10 +0,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Úr kókinu í íslenskt vatn

„Þetta er ótrúlegur þungavigtarmaður,“ segir Jón Ólafsson, forstjóri og stjórnarformaður Icelandic Water Holdings, sem framleiðir átappað vatn í landi Hlíðarenda í Ölfusi undir merkjum Icelandic Glacial.

Fyrirtækið hefur ráðið John K. Sheppard í stöðu forstjóra fyrirtækisins og kemur hann til starfa um miðjan næsta mánuð.

Sheppard er reynslubolti í drykkjarvörugeiranum en hann starfaði um nítján ára skeið hjá Coca Cola, meðal annars sem forstjóri fyrirtækisins í Evrópu og yfirmaður alþjóðasviðs fyrirtækisins.

Sheppard hætti hjá drykkjarvörurisanum um aldamótin og stýrði eftir það nokkrum fyrirtækjum, nú síðast í fjármálageiranum. Þar af var hann meðal æðstu stjórnenda um fjögurra ára skeið hjá Cott Corporation, einum af umsvifamestu drykkjarvöruframleiðendum heims. - jab



**VATNSVERKSMIÐJAN SÝND** Jón Ólafsson sýnir Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra átöppunarverksmiðju Icelandic Water Holdings í Ölfusi í lok september í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hagnaður MP dregst saman

Hagnaður MP banka eftir skatta nam 860 milljónum króna á árinu 2008, samanborið við tæplega 1,8 milljarða árið áður. Bankinn birti uppgjör sitt á föstudag.

Í tilkynningu bankans kemur fram að skýringa á minni hagnaði sé að leita í afskriftum í kjölfar falls stóru íslensku bankanna og gjaldþrots Lehman Brothers.

Þá segir að samtals hafi bankinn lagt til hliðar 2.248 milljónir króna vegna afskrifta og telur hann sig þar með hafa mætt allri afskriftaþörf sem leiddi af bankahruninu.

Gengishagnaður jókst á árinu og nam 1,8 milljörðum króna í árslok 2008 samanborið við 159 milljónir í árslok 2007. - óká




* Tilboðsverð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum af nýjum Transit í þessari auglýsingu er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




**ÍBÚÐIR Í BYGGINGU** Til þess að festa ekki óhagstæð vaxtakjör í fimm ár hefur Íslandsbanki ákveðið að fresta endurskoðun á vaxtaálagi erlendra húsnæðislána. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Endurskoðun álags á erlenda vexti frestað

Íslandsbanki (áður Nýi Glitnir) hefur ákveðið að fresta endurskoðun á vaxtaálagi erlendra húsnæðislána um eitt ár, fram til 1. mars 2010.

„Nú eru liðin fimm ár frá því að bankinn hóf að veita húsnæðislán í erlendri mynt. Í skilmálum vegna erlendra húsnæðislána er kveðið á um endurskoðun á vaxtaálagi lánanna eftir fimm ár, sem nú hefur verið frestað,“ segir í tilkynningu bankans, en erlend húsnæðislán bera breytilega LIBOR-millibankavexti, sem vaxtaálagið er svo lagt ofan á.

LIBOR-vextir hafa lækkað mikið á erlendum mörkuðum síðustu misseri, voru um 1,9 prósent núna í janúarbyrjun, miðað við 4,3 prósent ári fyrr. „Fjölmörg heimili hafa þó á undanförnum mánuðum þurft að glíma við aukna greiðslubyrði vegna veikingar krónunnar,“ segir í tilkynningu bankans og tiltekið að með frestun á endurskoðun vaxtaálags erlendra húsnæðislána vilji bankinn koma til móts við þá viðskiptavini sem séu með húsnæðislán í erlendri mynt.

„Frestunin er til komin vegna almennrar óvissu á fjármálamörkuðum,“ segir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, og bætir við að mat bankans hafi verið að betra væri að bíða, en að festa viðskiptakjör þessara lána til fimm ára í efnahagsumhverfi dagsins. „Við vildum frekar taka óvissuna á okkur en velta henni yfir á lántakendur,“ segir hún.

Hefði verið farið út í endurskoðun nú segir Una líklegt að hækka hefði þurft vaxtaálagið. „Grunnvextirnir breytilegu hafa hins vegar verið að lækka og tengjast vaxtastiginu erlendis og þess njóta lántakendur í erlendum húsnæðislánum. Vaxtaálaginu höldum við svo óbreyttu til 1. mars 2010, en þá gæti verið komin meiri vissa í þetta umhverfi og jafnvel hægt að lækka álagið, því endurskoðun tekur bæði til hækkunar og lækkunar.“ - óká

# Northern Rock rís upp frá dauðum

Breski bankinn Northern Rock, sem þjóðnýttur var fyrir ári, hefur gengið í endurnýjun lífdaga en stefnt er að því að hann hefji fljótlega aftur að veita viðskiptavinum sínum fasteignalán.

Reiknað er með því að heildarlánveitingar muni nema fjórtán milljörðum punda, jafnvirði 2.300 milljörðum króna. Einn þriðji verður lánaður á þessu ári en afgangurinn að ári. Gangi allt eftir mun bankinn veita allt að nítíu prósenta lán af markaðsverði fasteigna.

Lánveitingarnar eru liður í viðleitni ríkisstjórnar Gordons Brown forsætisráðherra að endurreisa breska fjármálageirann og blása þannig nýju lífi í lánamarkaðinn. Vonast er til að hjól efnahagslífsins hökti í gang í kjölfarið.



**VIÐ ÚTIBÚ NORTHERN ROCK** Bankaáhlaup gerði út af við breska bankann Northern Rock haustið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Breska ríkisútvarpið hafði í gær eftir Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, að bankinn hefði gert skurk í málum sínum og greitt til baka 18 milljarða af þeim 27 sem ríkið hefði lagt honum til. - jab



# Hér skal nú glens og gaman

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

## Öskudagurinn í IKEA



**KLAPPAR MASKERAD húfur**
**695,-/stk.** Ýmsar tegundir



**KLAPPAR MASKERAD**
**grímur og spangir 495,-/settið**
Ýmsar tegundir

- **Ókeypis andlitsmálun**
  allan daginn
- **Tívolí skotbakkar**
  kl. 13-18
- **Ókeypis myndataka og útprentun**
  allan daginn
- **Búningasamkeppni - einstaklingar og hópar**
  skráning og myndataka allan daginn í rammadeild - vinningshafar tilkynntir á www.IKEA.is 26. febrúar
- **Kötturinn sleginn úr tunnunni**
  kl. 14 og 17








## Ókeypis máltíð fyrir börnin!

Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri, að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.
**Verið velkomin í IKEA**

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtt fólk og aukið vægi þingsins:

## Endurreisn á trausti Alþingis

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Hrun íslenska fjármálakerfisins í haust sem leið hefur markað djúp spor í þjóðlífið. Svo djúp að tímatal miðast nú að talsverðu leyti við hrunið og mun áreiðanlega gera um langt skeið.

Fátt er nú sem áður var, hvorki í veraldlegum efnum né hvað varðar minna áþreifanlega þætti. Þannig eru nú sett spurningamerki við ýmislegt sem áður var talið sjálfgefið, meðal annars ýmsar grunnstoðir samfélagsins. Krafan um aukið lýðræði og endurskoðun stjórnsýslunnar hefur einnig verið hávær.

Mörgum þykir sem íslensk stjórnvöld, og þar á meðal Alþingi, hafi flotið sofandi að feigðarósi í aðdraganda hrunsins. Eftir hrunið varð máttleysi þingsins einnig hrópandi þegar ljóst var að öll framvinda viðbragða við efnahagshruninu ætti sér stað utan þingsala. Svo rammt kvað að þessu að þingmenn bjuggu við þann veruleika að fá upplýsingar um framvindu mála gegnum fjölmiðla. Um þetta varð nokkur umræða í þinginu í haust og kom það sjónarmið meðal annars fram að Alþingi gegndi að allt of stórum hluta því hlutverki að vera afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið.

Ljóst er að skerpa þarf hlutverk Alþingis og að það verður ekki gert nema með áþreifanlegum breytingum á stjórnarskrá. Íslenska stjórnarskráin á uppruna í dönsku stjórnarskránni frá því um miðja 19. öld. Danir hafa gert verulegar breytingar á sinni stjórnarskrá og meðal annars styrkt hlutverk þingsins. Endurskoðun stjórnarskrárinnar hér hefur staðið lengi en gengið afar hægt. Ljóst er að þar er við mikil tregðulögmál að etja og það er ástæða þess að hugmyndin um sérstakt stjórnlagaþing hefur hlotið talsverðan byr.

Hvernig svo sem vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar verður háttað hlýtur eitt af markmiðunum með henni að vera að efla vald þingsins þannig að löggjafarvaldið geti veitt framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald.

Á næstu vikum fara fram prófkjör og annars konar uppstillingar á lista fyrir komandi kosningar í apríl. Krafan um endurnýjun hefur verið hávær og sannarlega er það ljós í skammdeginu hversu margir vilja nú gefa kost á sér til þingsetu.

Vissulega er þörf á mannabreytingum í þinginu. Í ljósi þeirra hamfara sem dunið hafa á þjóðinni er nauðsynlegt að ferskir vindar fái að blása um þingsali eftir kosningar í vor.

Nýliðunin nægir þó ekki ein og sér. Minna má á að mikil endurnýjun varð á þingi í kjölfar síðustu kosninga. Þeirrar endurnýjunar hefur þó ekki séð verulega stað í störfum þingsins enda hefur engin breyting orðið á starfsumhverfi þess eða menningu.

Snúa verður frá þeirri óheillaþróun að Alþingi Íslendinga gegni fyrst og fremst því hlutverki að vera afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið í stjórnskipun þar sem völd ráðherra eru svo mikil að lögspekingar tala um ráðherraræði. Alþingi verður að hafa skýrt hlutverk og geta veitt framkvæmdarvaldinu, þar á meðal ráðherrum, aðhald í störfum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Eðlilegt…**

Í kvöldfréttum Sjónvarpsins á sunnudag gagnrýndi Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra forvera sinn, Guðlaug Þór Þórðarson, fyrir hik og ákvarðanafælni í málefnum Landspítalans, þar sem mikill niðurskurður er þar fyrir dyrum. Guðlaugur Þór vísaði gagnrýninni til föðurhúsanna og segir að allar þær aðgerðir sem Ögmundur hafi ráðist í hafi legið fyrir. Spurður hvers vegna hann hefði þá ekki tekið af skarið sagði Guðlaugur að hann hefði talið eðlilegt að ný ríkisstjórn tæki lokaákvörðun í þessu máli. Það er ábyrg afstaða.



**…og ekki eðlilegt?**

Eins og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins studdi Guðlaugur Þór hins vegar Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, þegar sá síðarnefndi tók þá umdeildu ákvörðun að hefja hvalveiðar stuttu fyrir stjórnarskipti. Það var því undir hælinn lagt í hvaða málum Guðlaugur Þór taldi eðlilegast að ný ríkisstjórn tæki lokaákvörðun. Er það ábyrg afstaða?



**Framboðseyjan**

Það fjölgar jafnt og þétt í hópi nýrra bloggara hjá Guðmundi Magnússyni, ritstjóra Eyjunnar. Svo skemmtilega vill til að flestir nýju bloggaranna – eða öllu heldur gæðabloggaranna, eins og menn verða sjálfkrafa við það að fá úthlutað kví á Eyjunni – eiga það sameiginlegt að sækjast eftir kjöri á Alþingi. Eyjubloggarar eru rétt rúmlega 60 og lætur nærri að einn af hverjum sex gefi kost á sér á framboðslista í vor.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Friðlýsum Ísland



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Öryggismál

Fyrir viku bárust alvarleg tíðindi af árekstri bresks og fransks kjarnorkukafbáts á Atlantshafi í febrúarbyrjun. Betur fór þar en á horfðist, en fréttirnar vekja mann óneitanlega til umhugsunar um áhrif þess sem skaðlegt kjarnorkuslys á höfunum gæti haft fyrir Ísland og Íslendinga. Auk beinna skaðlegra umhverfisáhrifa sem slíkt slys hefði í för með sér, mætti búast við því að sala og neysla á sjávarafurðum yrði fyrir áfalli með hörmulegum afleiðingum fyrir þjóðarhag sem síst má við miklum skakkaföllum. Þetta er raunveruleg ógn sem vofir yfir Íslendingum.

Við þessari ógn er hægt að bregðast og hún var m.a. forsenda þess að Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og fimm aðrir þingmenn úr Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Kvennalista lögðu veturinn 1995-1996 fram frumvarp til laga „um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja“. Í 1. grein þessa frumvarps stendur:

„Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Umferð kjarorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.“

Þáverandi utanríkisráðherra lýsti yfir harðri andstöðu við þetta lagafrumvarp og það hefur aldrei fengið málefnalega umfjöllun á Alþingi síðan þrátt fyrir að Steingrímur og fleiri þingmenn hafi reynt að taka það upp. Reyndar er saga þingmálsins enn þá eldri þar sem svipuð frumvörp hafa verið lögð fyrir Alþingi síðan veturinn 1986-1987 og raunar hafa þingsályktunartillögur um þetta verið á dagskrá frá 1976. Steingrímur J. Sigfússon hefur verið fyrsti flutningsmaður þessa máls í níu skipti í rúm 20 ár og meðflutningsmenn komið úr öllum flokkum. Nú seinast var frumvarpið lagt fyrir á Alþingi í janúar af hálfu þingmanna úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokki. Síðan þá hefur margt breyst, komin er vinstristjórn í landinu og möguleikar á greiðari framgangi þessa frumvarps.

Meginorsökin að íslensk stjórnvöld vildu ekki styðja jafn þarft og sjálfsagt mál var líklega sú að þau voru föst í fjötrum kalda stríðsins og vildu ekki aðhafast neitt sem kynni að styggja verndara í Washington. Með sömu rökum ákváðu íslensk stjórnvöld að styðja við bakið á hernámsliðinu sem hefur nú verið fast í átta ár í Afganistan og þessi rök voru rifjuð upp þegar stuðningur við innrásina í Írak var ákveðinn í einkasamtölum án þess að leitað væri eftir samþykki. Þá var m.a. vitnað til þess að ekki mætti styggja ráðamenn í Washington því að annars myndi Bandaríkjaher yfirgefa landið. Núna er herinn farinn og haldleysi þessara „bandamannaraka“ hefur ítrekað verið afhjúpað, nú seinast þegar seðlabankastjórar reyndu að betla gjaldeyrislán frá Washington í fyrra.

Raunverulegt öryggi Íslendinga snýst hins vegar og hefur alltaf snúist um önnur mál og brýnni en stuðning við nýlenduævintýri Bandaríkjanna víða um hnöttinn. Áþreifanleg hætta stafar af umferð kjarnorkjuknúinna farartækja í kringum landið. Hér geta orðið slys af manna völdum, ef t.d. kjarnorkukafbátar sökkva í íslenskri efnahagslögsögu. Þess vegna er það ábyrgðarhluti að ríkisstjórn Íslands hafi um árabil staðið gegn öllum tilraunum til að friðlýsa íslenska efnahagslögsögu fyrir kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum. Þar var eingöngu litið til hagsmuna setuliðsins á Miðnesheiði. Núna eru þeir Össur og Steingrímur komnir í minnihlutastjórn og lag að breyta þeirri stefnu með stuðningi Framsóknarflokksins. En hvaða rök hefur nokkur stjórnmálaflokkur fyrir því að standa gegn friðarlýsingu Íslands?

Samtök hernaðarandstæðinga beittu sér gegn heræfingum Rússa 2006 m.a. með þeim rökum að kjarnorkuknúin herskip tækju þátt í þeim. Vegna mótmæla samtakanna var hætt við heræfingarnar. Þá hafa samtökin beitt sér gegn kjarnorkustefnu Atlantshafsbandalagsins með því að höfða til þess stjórnsýslustigs sem stendur almenningi á Íslandi næst, sveitarstjórna. Nú búa 90% Íslendinga í friðlýstum sveitarfélögum. Þetta undirstrikar þann almenna vilja sem ríkir meðal þjóðarinnar fyrir því að slík vopn eigi ekki og muni aldrei eiga erindi til Íslands. Enginn vafi er á því að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar styður friðlýsingu íslenskrar lögsögu fyrir kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum. Er ekki kominn tími til að stjórnmálamenn hlusti á þjóðina og samþykki hið einfalda en gagnmerka frumvarp um friðlýsingu Íslands sem liggur núna fyrir Alþingi?

## Skilyrðislaus uppgjöf eða nýir tímar?

**UMRÆÐAN**

Jón Magnússon svarar Jóni Baldvini Hannibalssyni



JÓN MAGNÚSSON

Jón Baldvin Hannibalsson segir í grein sem hann nefnir „Skilyrðislaus uppgjöf“ að undirritaður hafi loks ratað heim í Sjálfstæðisflokkinn og gleymd sé öll gagnrýni á Sjálfstæðisflokkinn út af gjafakvótanum og annarri kerfislægri spillingu og öðru sem hann rekur með þeim hætti sem aflaði honum slíks fylgis sem formanns Alþýðuflokksins, að hann fann þann kost væntan að Alþýðuflokkurinn yrði lagður í dvala og eingöngu tekin úr múmíuhulstrinu þegar fyrrum foringinn þarf að tala.

Það er rétt að ég hef verið gagnrýninn á Sjálfstæðisflokkinn þau 18 ár sem ég hef verið utan hans. Ég taldi óráð að krónan yrði látin fljóta og nauðsyn að marka aðra peningamálastefnu. Ég var og er á móti gjafakvótakerfinu og tel forgangsatriði að vextir og lánakjör í landinu verði með sama hætti og í nágrannalöndum. Jón Baldvin veltir fyrir sér hvort ég sé að umbuna „íhaldinu“ eða hvort aumingjagæska mín sé komin á svo hátt stig að ég telji eðlilegt að rétta fram sáttfúsa hjálparhönd. Til skýringar fyrir nafna minn þá er hvorki um umbun eða aumingjagæsku að ræða. Ég tel að nýir tímar séu komnir í Sjálfstæðisflokknum. Ný kynslóð er að taka við með aðrar áherslur og ég vil taka þátt í að beina Sjálfstæðisflokknum á þá braut að hann verði á nýjan leik flokkur allra stétta og starfi í þeim anda mannvænnar markaðshyggju sem gerði flokkinn að víðsýnum fjöldaflokki.

Sumir segja að kjósendur hafi gullfiskaminni, slíkt á varla við um Jón Baldvin. Það er því merkilegt að maðurinn sem barðist harðast fyrir sameiningu vinstri manna, guðfaðir Samfylkingarinnar, skuli ekki muna að hann lagði áherslu á að með slíkri sameiningu næðu vinstri menn að vera stjórnmálaafl sem væri einhvers megnugt í íslenskum stjórnmálum. Með sama hætti greini ég það nú, þegar vinstri menn boða aukna þjóðnýtingu, aukna skattheimtu og upplausn ríkir í þjóðfélaginu, að þá beri brýna nauðsyn til að við sem hægra megin erum í stjórnmálum sameinumst um að styrkja Sjálfstæðisflokkinn sem brjóstvörn frjálsrar atvinnustarfsemi, lýðræðis og allsherjarreglu í landinu.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**LÍFIÐ** samtök um líknandi meðferð standa fyrir námskeiðum sem bera heitið Að hefja líknarmeðferð. Næstu námskeið verða haldin 26. til 27. febrúar og 2. til 3. apríl. Námskeiðin eru haldin í Grensáskirkju og ætluð öllum sem áhuga hafa á líknandi meðferð.



**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447


# Patti húsgögn

**Landsins mesta úrval af íslenskum sófum**

Íslensk framleiðsla
Íslensk hönnun
Íslensk framtíð



**Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is**
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16




Bergvin Oddsson er fyrsti blindi þátttakandinn sem mætir á námskeið Íþróttasambands fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands. Hann fékk aðstoðarmann sem leiðbeindi honum og gekk vel. MYND/AKV

# Renndi sér blint í snjóinn

**Bergvin Oddsson tók þátt í námskeiði sem haldið var á vegum Íþróttasambands fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands í Hlíðarfjalli á dögunum. Hann er fyrsti blindi þátttakandinn á námskeiðinu.**

Námskeið Íþróttasambands fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands í samstarfi við NSCD í Winter Park fór fram í Hlíðarfjalli helgina 13. til 15. febrúar. Fullbókað var á námskeiðið þar sem um tuttugu einstaklingar, bæði börn og fullorðnir, víðs vegar af landinu tóku þátt. Þeirra á meðal er Bergvin Oddsson sem er jafnframt fyrsti blindi þátttakandinn á námskeiðinu.

„Ég fór til að skíða og hafði minn aðstoðarmann,“ segir Bergvin og bætir við að hann sé þó frekar áhugamaður en iðkandi. „Ég hef bara tvisvar sinnum farið áður á skíði. Einu sinni í Bláfjöll þegar ég var í 7. bekk og hafði sjón. Svo fór ég í Hlíðarfjall í fyrra og aftur núna og fannst svolítil reynsla komin á þetta. Á sunnudegi var ég farinn að finna ryþmann. Núna langar mig aftur upp í fjall til að halda mér við. Enda er þetta fínasta útivist.“

Að sögn Bergvins henta ekki margar íþróttir sjónskertum og blindum, kannski einna helst skíði, sund og spinning. Skíðaiðkun veiti ágætis hreyfingu og þrátt fyrir fötlun sé hægt að ná ágætis hraða; dæmi séu um að blindir keppi í alpagreinum og norrænum greinum. Aðstoðarmenn séu ávallt með í för og gæti þess að ekki verði slys.

„Aðstoðarmenn skíða fyrir framan byrjendur og samhliða þeim sem lengra eru komnir, það er að segja þeim sem geta beygt og stöðvað sig, og leiðbeina þeim. Gagnstætt því sem margir telja erum við ekki bundnir við aðstoðarmanninn, því báðir myndu augljóslega detta ef annar gerði það. Annars er nú ekkert mál að detta í snjóinn.“

Spurður hvort hann ætli að leggja skíðaiðkun fyrir sig, segir Bergvin það ekki vera á dagskrá. „Nei, ég ætla nú bara að sitja fyrir framan sjónvarpið og fylgjast með vetraríþróttum,“ segir hann hlæjandi en bætir við: „Síðan er meiningin að fara bráðlega aftur upp í Hlíðarfjall og halda sér í æfingu. En ef ég færi að æfa einhverjar íþróttir, þá yrðu það frekar frjálsar sem ég æfði á mínum yngri árum. Þá var ég aðallega í langstökki og kúluvarpi og var bestur í þeim greinum. Ég hef reyndar um nokkurt skeið íhugað að byrja aftur.“

Allar nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á www.ifsport.is. Þá er hægt að nálgast myndir frá námskeiðinu á www.123.is/if.

*roald@frettabladid.is*


## Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

# RopeYoga

**Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi**
**Innritun stendur yfir í síma 581 3730**

Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldurshópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Lokuð 9 vikna námskeið. Kennt er 2x í viku 60 mínútur í senn. Í boði eru morgun-, hádegis- og síðdegisnámskeið.

- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal.

ATH höfum bætt við nýjum tímum kl. 10:00 miðviku- og föstudaga

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



## Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES

# Ný STOTT PILATES námskeið

**Innritun stendur yfir í síma 581 3730**

STOTT PILATES æfingakerfið er frábær leið til að :

- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

ATH höfum bætt við nýjum tíma kl. 7:30 þriðju- og fimmudaga

Kennt er 2x í viku í 9 vikur. Þriðjudaga og fimmtudaga kl 7:30, 16:30 og 17:30.
Byrjenda- og framhaldsnámskeið.
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal.

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





**Febrúartilboð**
til elli- og örorkulífeyrisþega

**15% viðbótarafsláttur**
á hluta sjúklings af verði lyfseðilsskyldra lyfja í Apótekinu Skeifunni

Apótekið í Hagkaupshúsinu Skeifunni!

**Apótekið** lægra verð





Vandaðir dömuskór úr leðri og skinnfóðraðir
Stærðir 36 - 42
Verð: 7,670,- og 7.970.-



**Misty skór**
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

**BRÁÐADAGURINN** er 6. mars. Á bráðadeginum verður haldið málþing í Rúgbrauðsgerðinni undir yfirskriftinni Raunveruleikinn og rannsóknir. Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis en þátttaka tilkynnist á eddath@landspitali.is.




Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**17. feb. Ævintýralíf**
*Benedikta Jónsdóttir ráðgjafi*
**19. feb. Goodheart hlátur- markþjálfun**
*Kristján Helgason hláturjógaleiðbeinandi*
**24. feb. Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli**
*Edda Björgvins leikkona*
**25. feb. Spa dekur**
*Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir*
**26. feb. Ég fitna sama hvað ég geri. Hvernig næ ég jafnvægi?**
*Esther Helga Guðmundsdóttir ráðgjafi*
**04. mars. Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir*




ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-
Heimir Karlsson
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


# Taka skrefin hönd í hönd

**Það eru fleiri en börnin blíð sem gera sér dagamun á öskudag, því í meira en tvo áratugi hafa eldri borgarar lýðveldisins leikið sér saman við fjölbreytta íþróttaiðkun, söng og dans á þessum kærkomna degi.**

„Leikdagur aldraðra var fyrst haldinn 1987 og fór fyrstu fimm árin fram utanhúss, en frá Evrópudegi aldraðra 1993 hefur hátíðin verið haldin innanhúss," segir Guðrún Nielsen, formaður Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra, sem stendur fyrir Leikdegi aldraðra í Íþróttahúsinu við Austurberg á morgun, öskudag.

„Eitt helsta markmið leikdagsins er útbreiðsla sem nú er farin að skila sér því hátíðin verður haldin víðar en í Austurbergi, svo sem á Hrafnistu og Grund í Reykjavík."

Guðrún segir íþróttir aldraðra alltaf vera hugsaðar sem innlegg í heilsuvernd og því megi þær ekki útheimta svo mikil átök að heilsu iðkenda sé stefnt í voða. „Nú eru boccia og pútt mjög vinsælt og í því keppt á vorin og haustin. Þá er leikfimi og sund sívinsæl, sem og göngur, sem eru eitt það albesta fyrir fólk í hreyfingu og útivist, og línu- og þjóðdansar."

Guðrún segir markmið félagsins að stuðla að betri líðan eldra fólks með reglulegri hreyfingu.

„Aldraðir eru að verða æ duglegri að hreyfa sig og eftir því sem yngra fólk kemur inn eykst vitund um gildi hreyfingar, því með yngri kynslóðum eldri borgara bætast æ fleiri við sem stundað hafa íþróttir, jafnvel alla ævi."

Guðrún segir aldraða hlakka mjög til leikdagsins á morgun.



Guðrún Nielsen íþróttakennari er formaður Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra, en félagið var stofnað 1985. Hún segir eldra fólk umhugað um heilsu sína og æ meðvitaðra um gildi hreyfingar, sem forvörn og til að auka lífsgæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við ætlum að hreyfa okkur og horfa á línudans, jóga, hreyfingu í sætum, léttan vals og atriði eins og Krumma sem sló í gegn á fimleikamóti aldraðra á Kanaríeyjum. Þá flytur Ernst Backman einsöng, en söngur og það að læra texta eru góð heilaleikfimi fyrir aldraða, því það þarf vitaskuld að virkja þessar gráu í kolli okkar líka," segir Guðrún glaðbeitt, og vonast til að nægur tími gefist fyrir dans undir leik Vinabandsins.

„Svo kveðjum við alltaf með hringdansi og litlum söng:

*Við getum hist,*
*við getum séð,*
*við getum fundið til öðrum með,*
*við skulum treysta vor tryggðabönd*
*og taka skref með hönd í hönd.*

Leikdagur aldraðra stendur frá klukkan 14 til 16. Húsið er opnað 13.30.

*thordis@frettabladid.is*


StelpurKonur
Staðurinn - Ræktin
TT námskeið
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Nýr TT flokkur og ný tímasetning
í hinu sívinsæla "Toppi til Táar„ námskeiði
Námskeiðið hefst sunnudaginn 15. mars með fundi
Innritun stendur yfir í síma 581 3730

Ekkert lát hefur verið á aðsókn í TT aðhaldsnámskeiðin og er okkur því ánægja að bjóða þessa tíma sem henta sérlega vel heimavinnandi mæðrum.

TT tímar sem eru í boði:
6:15 – mán, mið, fös
7:20 – mán, mið, fös
10:15 – mán, mið, fös - Barnapössun
12:05 – mán, mið, fös - Barnapössun
14:20 – mán, mið, fös
16:40 – mán, mið, fös - Barnapössun
17:40 – mán, þri, fös - Barnapössun
19:25 – mán, mið, fim (19:45)

ATH höfum bætt við nýjum tíma kl. 10:15 mán - mið- og fös- barnapössun

Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 15. mars kl. 16:00 og 17:00 .

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



Á hverjum vetri gengur inflúensa yfir norðurhvel jarðar á tímabilinu október til mars og stendur yfir í tvo til þrjá mánuði. Sambærilegur faraldur gengur síðan yfir suðurhvelið í júní til október. Inflúensan kemur verst niður á eldri kynslóðinni og einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma. Hægt er að verjast inflúensunni með árlegri bólusetningu sem veitir um 60–90% vörn gegn sýkingu.
landlaeknir.is



Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is







www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Ljósið s. 908 6060**
Tarot, miðlun, fyrirbænir, trúnaður. Opið frá 12-23. S. 894 9228 Steinunn visa/euro

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

## Rafvirkjun

**Raf-efling**
**Raflagnaþjónusta**
Nýlagnir, endurnýjun eldri lagna
Bjóðum upp á skoðun á raflögnum, gerum tilboð í úrbætur, án skuldbindinga.
Löggiltur rafverktaki.
S: 555 4030 • rafefl@mi.is

**Raflagna og dyrasímaþjónusta**
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi.
Nýlagnir og endurnýjun raflagna.
**Gerum verðtilboð**
**Rafneisti s. 896 6025**
löggildur rafverktaki.
rafneisti@rafneisti.is

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
**Fljót og góð þjónusta**
Sími 893 1733
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

**Allar Fatabreytingar**
**Styttum buxur, skiptum um rennilása á buxum og jökkum, einnig leðurjökkum. Opin mánudag- föstudag frá kl 09 - 17.30. laugardaga 10-14. Sími 552 5540. & 861 4380. Skraddarinn á Horninu, Lindargötu 38. Geymið auglýsinguna.**

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Til bygginga

Vinnuskúr ca. 18fm til sölu. Upplýsingar í síma 867 7753.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Bergiðjan ehf**
**Smiðshöfði 12, Reykjavík**
**867 3245 / 869 1690 / 699 2698**
**Trétröppurnar vinsælu komnar aftur.**
**Jafnframt tökum við að okkur alla almenna trésmíðavinnu.**

Er með 100þ. dollara til sölu. Fer til hæstbjóðanda. Uppl. dollarar@live.com

## Óskast keypt

**Evrur óskast**
**Óska eftir að kaupa evrur og dollara.**
**Regent Accounts Ltd Uppl. gefur Sverris í s. 618 7001.**

**Kaupum gull 10k, 12k, 14k, 18k, 22k, 24k gull**
**Óska eftir að kaupa gegn staðgreiðslu Hringa, hálsfesta, eyrnalokka, armbönd, styttur o.fl , Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! . Uppl í s. 661 7000.**

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl.**
**Fríða frænka, Vesturgata 3, Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.**
**S. 551 4730 & 864 2223.**

Vantar lager til endursölu, skoða allt. Einnig vantar afgreiðsluborð helst gefins. Uppl. í s. 659 7030.

## Verslun





Allir öskudagsbúningar á 2.000 kall! Mikið úrval. Partýbúðin, Faxafeni 11.

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt



TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Lampar með stækkunargler í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Heilnudd Heilnudd.
Uppl. í s. 616 7232.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Snyrting

www.paradis.is

## Ýmislegt



**Jóga með Kristbjörgu**
Gerðuberg 17.15 - 18.30 mánu og miðvikudaga Elliðavatn 12.00 - 13.15 Hugleiðsla 18.40 - 19.40 mánudaga Blómadropaþerapistanám hefst í mars Nánar í 861 1373

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Heimsendingar á 4500.kr* Sótt í Reykjavík og keyrt heim að dyrum á póstnr. 810,800,310,300,260,230 Tómas ehf S:820-3880

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

---

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

---

husaleiga.is

Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

---

Til leigu mjög góð 3 herb kj. íbúð í 104, Skipasund. Laus strax. V. 100 þús. S:8633786

---

Stórglæsileg 150fm 4 herb. íbúð á 2 hæðum til leigu í Grafarholti. Suðursvalir og sólpallur. Mjög stutt í skóla. V. 150þ. per mán. Laus 1 mars. S. 898 0083.

---

2 herb. 50 fm risíbúð á Berþórugötu til leigu Frábært útsýni. Verð 80000 kr. Uppl. í síma 662-5454

---

Til leigu 3. herbergja íbúð (90 fm) á fyrstu hæð í vesturbæ Reykjavíkur (107 Reykjavik). Verð 108.000 með hússjóði. Laus 1. mars. Langtímaleiga. Upplýsingar í síma 6626601 og 6927618

---

Til leigu 2 herb. íbúð ca. 60fm í Hraunbæ. Uppl. í s. 557 5058 & 866 4754.

---

2 sameiginleg herb. í miðbæ Rvk. pnr. 105. Húsgögn fylgja. V. 55þ. S. 895 0482.

---

KEFLAVÍK- 4 herb.íbúð laus strax.Allar innréttingar nýjar í íbúðinni, verð 80 þús. innif. hússjóður. Uppl 694-2526

---

Herbergi með sérinngangi, sérbaði og eldunaraðstöðu í miðbænum til leigu. Leiga með hita og rafmagni 40.000 kr. Upplýsingar í síma 5523622 eða gauja@dagfinnur.is

---

Íbúð til leigu í miðbænum Sæt íbúð á Njólsgötu Um 50fer 85þús. laus S:8981117

---

**City centar - miðbær**
Room all incl. no internet. Herb. með öllu. Uppl. í s. 618 0067.

---

Íbúð eða herb. til leigu á svæði 104. Apartments or Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

---

60.fm 2.herb íbúð í Hlíðunum á 1.hæð,95þ+hússj. 2650 og rafm&hiti. sími:6604526

---

TIL LEIGU HÚS Á BESTA STAÐ Í HAFNARFIRÐI 5-7 herb, bílskúr ofl. Verð: TILBOÐ. Sími 896 4557.

---

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR

Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Innfalið í leigu, heitt og kalt vatn + rafmagn. Til afhendingar strax.
S. 577 4747 eða Sigurður í 892 3482 eða á hogni@hofdabilar.is

---

Snyrtileg skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla. Aðgangur að fundaraðstöðu og neti. Uppl. í s. 894 1949.

---

Til leigu nýtt 30fm skrifstofuherbergi við höfnina í Hafnarfirði upp 8946633

---

Iðnaðarbil til leigu í Hafnarfirði, stærðir frá 85 ferm. Hagstæð leiga. Uppl. 8224200

---

120 fm verslunarpláss til leigu. Góð aðstaða. Hentar vel til hverskyns verslunarreksturs. Til húsa að Suðurlandsbraut 6, við hliðina á Nings. Uppl. í s. 899 3760.

---

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

---

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

---

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is

---

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## Húsnæði óskast

Óska eftir að taka á leigu 4 herb. íbúð í Grafarvogi. Langtímaleiga. Uppl. í s. 844 6870.

# ATVINNA

## Atvinna óskast

Óska eftir atvinnu, er með meirapróf og vanur húsasmíði. Öll störf koma til geina. Uppl sendist á : atvinna@post.com

---

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Viðskiptatækifæri

Tækifæri Reykjanesbær Til sölu lítið fyrirtæki tengt heilsurækt. Gott verð, hentugt fyrir konur eða hjón Frekari uppl. heilsuraekt@hotmail.com

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Jeg er en 70 årig dame fra Danmark. Jeg vil s1a gerne have en penne veninde fra Island at skrive sammen med. Jeg boede i Reykjavik et års tid som en ung pige og har senere været deroppe nogle ganga. Skrv til Birte Zwisler - Löngangen 2 - 4100 Bingsted - Danmark.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

---

**Samkynhn. KK ath.**
Nú er mikið af nýjum auglýsingum frá samkynhn. KK á Rauða Torginu Stefnumót. Þið auglýsið frítt í s. 535-9923 en heyrið auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

---

**Flottar símadömur**
Nú eru margar yndislegar símadömur hjá Rauða Torginu! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort). Prófílar nokkurra eru á Sexychat.is (platínumáskrifendur) og sumar þeirra birta líka myndir!

---

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

---

**Verkalýðsfélagið Hlíf**
Reykjavíkurvegi 64 - 220 - Hafnarfjörður
Sími 5550944 - Fax 5654055 - Netfang: hlif@hlif.is

## Félagsfundur

Fundur verður haldinn fimmtudaginn 26. febrúar 2009, kl. 18:00 í Félagsheimili Hlífar Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

**Dagskrá:**
1. Horfur í efnahagsmálum 2009-2011. Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ fer yfir efnahagshorfurnar
2. Kjaramál.
3. Önnur mál.

FÉLAGAR MÆTUM VEL OG STUNDVÍSLEGA

Stjórn Hlífar

## BARNFÓSTRA / "AMMA" ÓSKAST

Barnfóstra óskast frá 1. apríl og fram í júlí/ágúst til að gæta 7 mánaða barns hluta úr degi virka daga í Garðabænum. Þarf að vera hlý, barngóð, jákvæð, heiðarleg, traust, hraust og reyklaus. Áhugasamar/ir hafi samband á netfangið godbarnfostra@gmail.com og veitið upplýsingar um nafn, aldur, fyrri störf, símanúmer og meðmælendur sem hægt er að hafa samband við.

## Fundir

MATVÍS

### Fundarboð

Almennur félagsfundur MATVÍS verður haldinn miðvikudaginn 25 febrúar n.k. kl. 16,00 á Stórhöfða 31. Gengið inn Grafarvogsmegin.

**Dagskrá:**
Efnahagsmálin
Kjarasamningar

***Gestur fundarins verður Gylfi Arnbjörnsson forseti Alþýðusambands Íslands.***

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

---

**Sjúkratryggingar Íslands**

## Ljósmæður

**Þjónusta við fæðandi konur og konur í sængurlegu**

Til að sinna fæðingum og umönnun sængurkvenna í heimahúsum sem eru sjúkratryggðar skv. lögum nr. 112/2008 óska Sjúkratryggingar Íslands eftir sjálfstætt starfandi ljósmæðrum til að gerast aðilar að rammasamningi frá 1. mars 2009.

Þjónustan hefur hingað til verið veitt samkvæmt samningum Sjúkratrygginga Íslands við Ljósmæðrafélag Íslands og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Þeir sem áhuga hafa á að veita ofangreinda þjónustu geta nálgast rammasamninginn og umsóknareyðublað á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands www.sjukratryggingar.is.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug Björnsdóttir, framkvæmdastjóri samninganefndar, í síma 560-4539 eða í tölvupósti gudlaug.bjornsdottir@sjukratryggingar.is.

Auglýsing þessi byggir á 40. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

---

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir byggðarlagið:

**Vopnafjörður**

Um úthlutunarreglur í ofangreindu byggðalagi vísast til reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalagi sbr. auglýsingu nr. 200/2009 í Stjórnartíðindum.

Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2009.

Fiskistofa, 23. febrúar 2009.

---

# ALLT UM FERMINGUNA

**GLÆSILEGT SÉRBLAÐ UM FERMINGUNA MUN KOMA ÚT FIMMTUDAGINN 26.FEBRÚAR N.K.**

**Meðal efnis í blaðinu:**
Fermingarmatur, fermingarföt, skraut – hárskraut, gjafir, fylgihlutir, fermingarsögur og margt fleira.

**Auglýsendur tryggið ykkar auglýsingu pláss**
**Sölumenn okkar eru:**
Sigríður Dagný – 512-5462/ sigridurdagny@365.is, Benedikt –512-5411 / benediktj@365.is
Hlynur – 512-5471/ hlynurs@365.is, Bjarni – 512-5479 / bjarnithor@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Sólborg Marinósdóttir**

lést á Landspítalanum hinn 23. febrúar síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Rudolf Ásgeirsson**
**Ásgeir Marinó Rudolfsson**
**Sverrir Þór Rudolfsson**
**Anna Rudolfsdóttir**
**tengdabörn, systkini og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Magnúsdóttir**
Fellsmúla 22,

lést hinn 16. febrúar á hjúkrunarheimilinu Eir. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 24. febrúar kl. 15.00.

**Björn Sigurður Benediktsson** — **Margrét Kristín Finnbogadóttir**
**Haraldur Benediktsson** — **Brynja Halldórsdóttir**
**og aðrir ástvinir.**



†

*Móðir okkar,*

**Pálína Halldórsdóttir**
frá Ólafsvík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 20. febrúar. Jarðsett verður frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 28. febrúar kl. 14.00.

**Börn hinnar látnu og fjölskyldur þeirra.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,*

**Albert Leonardsson**
Hjallalundi 18, Akureyri,

lést mánudaginn 16. febrúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 26. febrúar kl. 13.30.

**Ásthildur Albertsdóttir** — **Said Hasan**
**Ásta Albertsdóttir** — **Ólafur Friðfinnsson**
**Karoline Leonardsson**
**Halldór G. Guðjónsson** — **Ulla-Brit Guðjónsson**
**Björgvin Leonardsson** — **Natsha Yfnova**
**Guðrún Lóa Leonardsdóttir** — **Birgir Stefánsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Gunnlaugur Þorláksson**
stýrimaður, Grundarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 22. febrúar. Sérstakar þakkir til Karítas og líknardeildar Landspítalans fyrir góða umönnun. Útförin auglýst síðar.

**Þórdís Jeremíasdóttir**
**Þorlákur Ó. Snæbjörnsson**
**Agnar Þór Gunnlaugsson** — **Ingileif Ágústsdóttir**
**Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir** — **Friðjón A. Marínósson**
**Steinunn Marta Gunnlaugsdóttir** — **Styrmir Kristjánsson**
**Kristófer Andri, Róbert Aron, Sara Rut, Helena, Gunnlaugur,**
**systur og aðrir aðstandendur.**

**OSCAR DE LA HOYA ER 36 ÁRA**

*„Það er alltaf hægt að bæta sig, sama hversu lengi maður hefur verið í bransanum."*

***Hnefaleikakappanum Oscar De la Hoya hefur verið líkt við hnefaleikameistara á borð við Sugar Ray Leonard og er jafnan nefndur „Gulldrengurinn" í boxheiminum.***




# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. FEBRÚAR ÁRIÐ 1981

## *Tilkynnt um trúlofun*



Buckinghamhöll tilkynnti um trúlofun Karls Bretaprins, erfingja bresku krúnunnar, og Díönu prinsessu af Wales þennan dag fyrir 29 árum. Parið gekk í það heilaga 29. júlí sama ár með pomp og prakt og er jafnan talað um brúðkaup aldarinnar. Þau eignuðust drengina William og Harry en hjónabandið varð ekki hamingjuríkt. Karl sleit aldrei sambandi sínu við fyrrverandi vinkonu sína, Camillu Parker Bowles, og svo fór að Karl og Díana skildu árið 1995. Díana lést sviplega í umferðarslysi árið 1997 ásamt ástmanni sínum og var syrgð um allan heim. Karl opinberaði samband sitt við Camillu og giftist henni árið 2006.

KVENFÉLAGIÐ LÍKN: FAGNAÐI 100 ÁRA STARFSAFMÆLI 14. FEBRÚAR

# Bæjarbúar hafa staðið á bak við kvenfélagið í heila öld



**STJÓRNIN Á AFMÆLISDAGINN** Kvenfélagið fagnaði 100 ára starfsafmæli laugardaginn 14. febrúar. Ágústa Árnadóttir formaður í miðið. MYND/LÍKN

Kvenfélagið Líkn í Vestmannaeyjum hefur starfað í eitt hundrað ár og aldrei verið öflugra en nú.

„Félagar eru um 126 í Líkn og hefur félagið mikið yngst upp síðustu tvö árin," útskýrir Ágústa Árnadóttir, formaður félagsins. Hún segir viðhorfið til kvenfélaga vera að breytast. „Fólk hugsar ekki lengur að í kvenfélögum séu bara „gamlar kerlingar" . Við erum að reyna að höfða meira til yngri kvennanna því þetta er virkilega skemmtilegur félagsskapur. Við fundum sex sinnum á ári og erum með skemmtikvöld og árvissa óvissuferð á haustin svo eitthvað sé nefnt."

Aðalstarfsemi félagsins er eins og nafnið gefur til kynna að hjálpa öðrum. Það hefur verið markmið félagsins í þau hundrað ár sem það hefur starfað. Halldór Gunnlaugsson héraðslæknir stofnaði félagið á sínum tíma vegna ástandsins í bænum eftir aldamótin og var jafnframt fyrsti og eini karlmaðurinn í félaginu. „Halldór fékk í lið með sér 25 konur árið 1909 til að stofna kvenfélag en hér var mikil fátækt og mikið um sjóslys. Margar fjölskyldur áttu því erfitt og kvenfélagið átti að sinna því. Það fjölgaði hratt í félaginu fyrstu árin og stóð svo nokkuð í stað þangað til fyrir nokkrum árum. Félagið hefur alla tíð verið mjög duglegt að gefa og gefur mikið til sjúkrahússins hér í bænum." útskýrir Ágústa en 1. desember ár hvert stendur félagið fyrir kaffisölu til fjáröflunar fyrir sjúkahúsið auk þess að standa fyrir hátíðarhöldum á 17. júní og merkjasölu. Starfsemi Líknar er því stór hluti félagsstarfsins í bænum.

Ágústa tók við formennsku nú í febrúar en hún gekk í félagið árið 2002 eftir að hafa, í gegnum vinnu sína á sjúkrahúsinu, orðið áþreifanlega vör við mikilvægi félagsins. „Á ferð minni hér um gangana sá ég svo marga hluti merkta „Gjöf frá kvenfélaginu Líkn". Ég varð svo stolt fyrir þeirra hönd að ég vildi taka þátt í starfinu," útskýrir Ágústa.

„Auk þess stöndum við fyrir spilakvöldum fyrir eldri borgara og fleiri uppákomum og samfleytt í áttatíu ár stóðum við fyrir nýársfagnaði eldri borgara. Það datt upp fyrir því Félag eldri borgara er sjálft svo öflugt að fólkið hefur nóg að gera. Á afmælisárinu ætlum við okkur að vera stórtækar í gjöfum og vel sýnilegar. Við bíðum bara eftir lista frá sjúkrahúsinu yfir hvað vantar í rauninni."

Laugardaginn 14. febrúar hélt félagið afmælishóf þar sem konur voru heiðraðar og var Anna Þorkelsdóttir meðal annars gerð að heiðursfélaga fyrir vel unnin störf en hún sinnti formennsku í 18 ár. Kvöldið áður stóð félagið fyrir styrktartónleikum fyrir langveik börn í Vestmannaeyjum þar sem komu fram listamenn af staðnum sem gáfu vinnu sína. Ágústa segir félagskonur ánægðar með hvernig til tókst og þakkar bæjarbúum gott gengi kvenfélagsins á síðastliðnum 100 árum. „Við gætum þetta ekki nema af því að bæjarbúar taka alltaf svo vel á móti okkur og með þessu áframhaldi starfar félagið áfram næstu hundrað árin."

heida@frettabladid.is

†



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem auðsýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Jóhönnu Margrétar Björgólfsdóttur**
Sörlaskjóli 94,

síðast til heimilis að dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Alúðarþakkir færum við öllu starfsfólki Grundar en þó sérstaklega þeim sem starfa á deild V-2 fyrir frábæra umönnun og elskulegt viðmót.
Guð blessi ykkur öll.

**Hulda Filippusdóttir**
**Ingirós Filippusdóttir**
**Sveinn Filippusson** — **Steinunn Erla Marinósdóttir**
**María Björg Filippusdóttir** — **Brynjólfur Jóhannesson**
**Sigurður Pálsson**
**Jóhann Filippus Filippusson** — **Anna Emilía Nikulásdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinbjörn Guðbjarnason**
Vesturvangi 22, Hafnarfirði,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 19. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 27. febrúar kl. 15.00.

**Sigríður Magnúsdóttir**
**Magnús Sveinbjörnsson** — **Ingibjörg Steina Eggertsdóttir**
**Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson** — **Dagbjört Lára Helgadóttir**
**Vilhjálmur Davíð Sveinbjörnsson** — **Elísa Kristinsdóttir**
**Viðar Freyr Sveinbjörnsson** — **Eva Hauksdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**


Kjörís
Mjúkís
ÁRSINS
2009
Mjúkís
Kjörís
ÁRSINS
2009
1 LÍTRI
TÍRAMÍSÚ



SÉRFRÆÐINGAR Í MEÐALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

Eftirfarandi fyrirtæki eru ekki til sölu, en við teljum þau fáanleg fyrir rétta kaupendur. Upplýsingar ekki veittar í síma. Vinsamlega pantið tíma í síma 414 1200 eða með tölvupósti.

- Bakarí með margar verslanir. Ársvelta 300 mkr.
- Heildverslun og þjónustufyrirtæki með rekstravörur fyrir fyrirtæki. Ársvelta 120 mkr.
- Rótgróin bílaleiga í eigin húsnæði. Ársvelta 120 mkr. EBITDA 30 mkr.
- Narfeyrarstofa. Glæsilegt veitingahús í eigin húsnæði á besta stað í Stykkishólmi. Góður og vaxandi rekstur. Góður hagnaður.
- Rótgróin heildverslun með neytendavörur. Ársvelta 160 mkr. EBITDA 45 mkr.
- Eitt vinsælasta vínveitingahús landsins. Ársvelta 250 mkr. EBITDA 90 mkr. Engar skuldir. Mjög hagstætt dæmi fyrir fjárfesta.
- Sölustjóri-meðeigandi óskast að FIAT umboðinu á Íslandi. Sjá nánar á www.kontakt.is.
- Stórt innflutnings- og framleiðslufyrirtæki með miklar erlendar skuldir, sem gert er ráð fyrir að verði afskrifaðar að hluta við eigendaskipti.
- Meðfjárfestir óskast við kaup á rótgrónu dönsku framleiðslufyrirtæki. Samþykkt kauptilboð, fjármögnun og áreiðanleikakönnun liggur fyrir. Viðkomandi þyrfti að leggja fram 20 millj. DKK.

Fleiri góð tækifæri á **www.kontakt.is**

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 4, 7. hæð • Sími: 414 1200
Netfang: kontakt@kontakt.is • www.kontakt.is
Jens Ingólfsson rekstrarhagfræðingur, jens@kontakt.is
Gunnar Svavarsson viðskiptafræðingur, gunnar@kontakt.is
Brynhildur Bergþórsdóttir rekstrarhagfræðingur, brynhildur@kontakt.is
Höskuldur Frímannsson rekstrarhagfræðingur, hoskuldur@kontakt.is
Sigurður A. Þóroddsson hdl. sigurdur@kontakt.is
Þórarinn Arnar Sævarsson, lögg. fasteignasali, tas@kontakt.is
globalM&A Iceland




NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Kynlausir barnaþættir

Yngsti meðlimur heimilisins hefur komið sér upp ákaflega sérstökum matarvenjum, þrátt fyrir ungan aldur. Hann neitar að láta neitt ofan í sig nema hann fái að horfa á klippur af YouTube.

Fyrstu kynni hans af þessu veraldarsjónvarpi voru bresku barnaþættirnir Teletubbies sem hafa notið mikilla vinsælda hjá ungviði heimsins. Þeir virðast vera framleiddir af einhverjum dáleiðslumeisturum sem hafa legið yfir skynjun barna enda fara börnin í hálfgert dá þegar Dipsy, Tinky Winky, Po og La-La birtast á skjánum, þessar fjórar óskilgreindu og kynlausu verur í fjórum litum. Þar að auki er sólin lítið barn sem hlær öðru hverju og hér og þar má sjá kanínur á höttunum eftir káli og gulrótum.



Teletubbies er týpískt nútímalegt barnaefni, kynlaust og framleitt eftir þeirri formúlu að særa hvorki einn né neinn, það megi ekki minna börnin á hver þau eru heldur að allir séu steyptir í sama mót. Barnaefni sem elur á pólitískri rétthugsun af verstu sort.

Þess vegna hafa fjórmenningarnir verið kvaddir. Í stað þess horfir sonurinn nú á valdar klippur úr Prúðuleikurunum. Þar sem Svínka reynir allt hvað hún getur til að heilla græna froskinn Kermit upp úr skónum á meðan Dýri lemur trumburnar og Gonzo forðast sitt klúður með misjöfnum árangri.

Og þótt sumt af því sem Prúðuleikararnir bjóða upp á falli ekki undir skilgreiningar uppeldisfræðinga um hvað sé hentugt og hvað óhentugt, þá eru Prúðuleikarnir, þessir rúmlega þrjátíu ára gömlu brúðuþættir, nær raunveruleikanum en sú vitleysa sem framleidd er ofan í börn í dag.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








FRUMSÝND 6.MARS Í LOFTKASTALANUM
WWW.HERO.IS
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á WWW.MIDI.IS

# NÝJAR DÚNDURKILJUR!






„Besta bók Yrsu.“

★ ★ ★ ★

– Páll Baldvin Baldvinsson



„Besta bók Grishams um langt árabil.“

– New York Times

Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum
– bæði innbundin og í kilju!









Mest selda og „besta ævisaga ársins 2008.“

„Mögnuð Magnea.“

– Sigríður Arnardóttir, sirry.is

Veröld
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 8 og 10 | L |
| BEVERLY HILLS CHIHUAHUA | kl. 6 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |

SAMBÍÓIN

ÓSKARSVERÐLAUNA




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DEFIANCE | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 16 |
| DEFIANCE | kl. 8 | VIP |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50D | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6 - 9:10 | 7 |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5:50 | L |
| DOUBT | kl. 8:10 | L |
| ROLE MODELS | kl. 8:20 | 12 |
| CHANGELING | kl. 5:30 | 16 |
| YES MAN | kl. 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DEFIANCE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:50 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 7 - 10:10 | 7 |
| BLOODY VALANTINE - 3D | kl. 8(3D) | 16 |
| BEDTIME STORIES | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10:10 | L |
| DOUBT | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DEFIANCE | kl. 8 | 16 |
| CHIHUAHUA | kl. 6 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6 - 9 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 10:10 | 16 |
| FANBOYS | kl. 8 - 10 | L |
| SLUMDOG MILLIONAIRE | kl. 8 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ
- Í DAG -
KR. 500
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG VIP

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.15 – 8 – 10.40 | 12 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU LÚXUS | kl. 5.15 – 8 – 10.40 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 4 - 6 | L |
| FANBOYS | kl. 8 - 10.10 | L |
| BRIDEWARS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 3.40 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| VALKYRIE | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRIDE WARS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 5.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MILK | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| FROST/NIXON | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.40 – 8 – 10.15 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 5.45 - 8 | L |
| BRIDE WARS | kl. 10 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Besta hljómplata U2 í átján ár

Tólfta hljóðversplata U2, No Line on the Horizon, fær fimm stjörnur hjá Dave Fricke, gagnrýnanda bandaríska tímaritsins Rolling Stone. Hann segir plötuna þá bestu frá sveitinni í átján ár, eða síðan Achtung Baby kom út.

„No Line on the Horizon er fyrsta platan frá U2 í næstum fimm ár og þeirra besta hvað varðar textagerð og góðar melódíur síðan Achtung Baby kom út 1991,“ segir í umsögninni. „Bono syngur um Guð, sektarkennd, ást og hryðjuverk og gerir líka grín að sjálfum sér eins og oft áður,“ segir Fricke og á þar við söng hans í laginu Stand Up Comedy: „Standið upp fyrir rokkstjörnum. Passið ykkur á litlum mönnum með stórar hugmyndir.“



**U2** Bono og félagar í U2 hafa sent frá sér sína bestu plötu í átján ár að mati Rolling Stone. NORDICPHOTOS/GETTY

Bjagaður gítarleikur The Edge og þéttur trommuleikur Larry Mullen Jr. þykir einnig áberandi á plötunni, sem kemur út 2. mars. Bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu enda hefur U2 lengi verið talin „stærsta“ hljómsveit heimsins.

Gagnrýnandi breska dagblaðsins The Daily Telegraph er einnig hrifinn af nýju plötunni: „Þetta er miklu frekar viðburður en plata. Alveg eins og með The Unforgettable Fire og Achtung Baby þá er No Line on the Horizon djörf, falleg og vel ígrunduð enduruppgötvun á tónlist U2.“

Til að fagna útkomu plötunnar og berjast fyrir komu U2 til Íslands verða haldnir tónleikar á Nasa 7. mars. **- fb**

# Slumdog fékk átta Óskara

**Kvikmyndin Slumdog Millionaire kom, sá og sigraði þegar Óskarsverðlaunin voru veitt í 81. sinn í Hollywood. Myndin vann til átta verðlauna, þar á meðal sem besta myndin.**



**BESTU LEIKARARNIR** Sean Penn, Kate Winslet og Penelope Cruz voru kjörnir bestu leikararnir. Fjölskylda Heaths Ledger tók á móti hans verðlaunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Segja má að indverski kvikmyndaiðnaðurinn í Bollywood, hafi loksins hafið innreið sína í Hollywood eftir að hafa í mörg ár staðið í skugganum af draumaborginni. Flestir leikaranna í hinni ódýru Slumdog Millionaire og meðlimir tökuliðsins voru indverskir en Hollywood sá um kynningarherferðina. Bretar voru við stjórnvölinn með leikstjórann Danny Boyle í fararbroddi. Hann fékk einmitt Óskarinn fyrir sína frammistöðu.

Sean Penn var nokkuð óvænt valinn besti aðalleikarinn. Hann lék samkynhneigðan stjórnmálamann í Milk. Bar hann sigurorð af Mickey Rourke sem hafði verið talinn sigurstranglegastur. Þetta var önnur Óskarsstytta Penn, sem fékk hana árið 2004 fyrir Mystic River. Kate Winslet hlaut aftur á móti sinn fyrsta Óskar í sjöttu tilraun sinni fyrir aðalhlutverk sitt í The Reader.

Penn, sem er afar pólitískur í skoðunum sínum, lét ekki sitt eftir liggja í þakkarræðunni. Gagnrýndi hann mótmælendur gegn samkynhneigð sem höfðu safnast saman fyrir utan bygginguna. „Það væri gott ef þeir gætu látið hatrið víkja og reynt að finna góðmennskuna í hjarta sínu,“ sagði Penn. „Þetta er frekar sorglegt vegna þess að svona mótmæli fela í sér andlegan heigulshátt. Fólk er hrætt við að náunginn fái sömu mannréttindi og það myndi sjálft vilja hafa.“

Eins og spáð hafði verið hlaut Heath Ledger Óskarinn fyrir aukahlutverkið í The Dark Knight, tæpu ári eftir dauða sinn. Fjölskylda hans tók á móti verðlaununum. Ledger er þar með annar leikarinn sem fær Óskarinn eftir andlátið. Hinn var Peter Finch sem vann styttuna 1977 fyrir Network.

Penelope Cruz var kjörin besta leikkonan í aukahlutverki fyrir Vicky Christina Barcelona og japanska myndin Okuribito var valin besta erlenda myndin. Þá fékk Wall-E Óskarinn sem besta teiknimyndin. The Curious Case of Benjamin Button, sem hlaut þrettán tilnefningar, fékk aðeins þrenn verðlaun, öll í smærri flokkum.

**freyr@frettabladid.is**


# ÁRSFUNDUR

## ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2009

**Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 10. mars 2009 á Grand hótel Reykjavík kl. 17.15.**

**DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2008 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Vakin er athygli á því að framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þann 3. mars 2009 kl. 24.00. Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.*
*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN www.almenni.is


STÆRSTI LEIKUR ÁRSINS LENDIR Í ELKO KL. 20.00 Í KVÖLD
KILLZONE® 2
ÞEIRRA HEIMUR. ÞITT HELVÍTI.
10 af 10
– Official PlayStation Magazine
9 af 10
– Eurogamer.net
10 af 10
– Gamepro
9,4 af 10
– IGN.com
Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.
SENDU SMS EST KZL Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU KILLZONE 2, AÐRIR TÖLVULEIKIR, GOS, DVD MYNDIR OG FLEIRA
WWW.SENA.IS/KILLZONE
PLAYSTATION 3
KILLZONE 2
18+
9. HVER VINNUR!
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is

## > Fínn árangur hjá júdófólkinu

Íslenskir júdókappar gerðu það gott í Danmörku þar sem þeir tóku þátt í Matsumae Cup. Tæplega 200 keppendur frá tólf þjóðum voru mættir til leiks og þar af tíu keppendur frá Íslandi. Anna Soffía Víkingsdóttir stóð sig best íslensku keppendanna en hún fékk gull í opnum flokki kvenna. Þormóður Árni Jónsson stóð sig einnig geysilega vel en hann fékk tvenn silfurverðlaun á mótinu. Íslenska liðið fékk síðan bronsverðlaun í liðakeppninni.



**sport**
sport@frettabladid.is

ARON EINAR GUNNARSSON: ORÐAÐUR VIÐ FJÖLDA STÓRLIÐA BÆÐI Á BRETLANDI OG Á SPÁNI

# *Langar að vera hjá Coventry í eitt ár í viðbót*

Aron Einar Gunnarsson hefur verið orðaður við fjölda stórliða undanfarna daga og vikur, ekki síst eftir að hann skoraði eitt mark í 2-2 jafnteflisleik gegn Blackburn í ensku bikarkeppninni. Liðin mætast á nýjan leik í kvöld og er Aron vongóður um að spila þó svo að hann hafi fengið gubbupest í fyrrinótt. Meðal þeirra félaga sem Aron hefur verið orðaður við í enskum fjölmiðlum eru Blackburn, Liverpool, Celtic og Atletico Madrid. „Það er nú bara hún mamma sem hefur verið að segja mér frá þessu. Ég hef lítið verið að fylgjast með þessu sjálfur," sagði Aron. „En auðvitað er gaman að sjá nafnið sitt í svona samhengi enda engin smá lið í umræðunni. Slíkar umræður koma oft upp þegar maður stendur sig vel og ég veit svo sem af því að útsendarar einhverra liða hafa verið að fylgjast með mér. En hvort það sé eitthvað tilboð á leiðinni er annað mál."

Aron hefur rætt við forráðamenn félagsins sem fullvissa hann um að þeir ætli sér ekki að selja hann. „Mér skilst að mér verði boðinn nýr samningur í sumar. Mig sjálfan langar til að vera hér í eitt ár í viðbót og sjá svo til. Ég hef bætt mig mjög mikið sem leikmaður síðan ég kom hingað þó ég segi sjálfur frá. Ég er líka búinn að fá miklu meiri reynslu en ég hefði fengið hefði ég hoppað beint í úrvalsdeildina. Ég er því sáttur."

Óneitanlega vekur athygli að Atletico Madrid sé að fylgjast með Aroni en sjálfur segir hann efast um að spænski boltinn henti sér. „Það væri örugglega afar spennandi að fara til Madrídar. En satt best að segja efast ég um að það sé mikið fyrir mig hvað knattspyrnuna varðar."

Coventry er nú í þrettánda sæti ensku B-deildarinnar og segir Aron að þar á bæ séu menn yfirleitt sáttir. „Liðið var í ruglinu á síðasta tímabili. Félagið rambaði á barmi gjaldþrots og liðið bjargaði sér frá falli í síðasta leik. Menn eru því sáttir við stöðu mála nú enda er markmiðið að byggja upp lið til framtíðar."






**NETTUR** Phil Brown, stjóri Hull, sýndi lipra takta á hliðarlínunni í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Sigur hjá Spurs

**FÓTBOLTI** Einn leikur fór fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar Hull tók á móti Tottenham en Hull hafði ekki unnið í tíu leikjum í röð fyrir leikinn í gær.

Gestirnir frá London byrjuðu betur því Aaron Lennon kom þeim yfir á 17. mínútu. Hull var þó ekki slegið út af laginu því Michael Turner jafnaði metin tíu mínútum síðar.

Jonathan Woodgate kom Spurs yfir fimm mínútum fyrir leikslok og þar við sat. Spurs í 13. sætið en Hull í því 14. **- hbg**

# Sir Alex og Mourinho mætast á ný

**Sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld með fjórum leikjum. Mesta spennan er fyrir leik Inter og Man. Utd á San Siro. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, er í miklum vandræðum með vörnina.**

**FÓTBOLTI** Biðin er á enda og Meistaradeild Evrópu fer aftur í gang í kvöld með fjórum leikjum í sextán liða úrslitum keppninnar. Eru það fyrri leikir liðanna í sextán liða úrslitunum.

Augu flestra verða á San Siro-leikvanginum í Mílanó þar sem Evrópumeistarar Man. Utd sækja Inter heim. Kljást þar enn á ný stjórarnir Sir Alex Ferguson og Jose Mourinho sem háðu marga hildina er Mourinho stýrði Chelsea.

„Þetta verður algert stríð meðan á leiknum stendur. Eftir leikinn er alltaf gleði og við Alex eyðum tíma saman. Ég vil alls ekki sjá það breytast, sama hvor okkar vinnur og hvor okkar tapar," sagði Mourinho sem hafði oftar en ekki betur gegn United er hann stýrði Chelsea.

„Ég á margar mjög góðar minningar frá leikjum mínum við United. Mér tókst að leggja liðið er ég stýrði Porto, er við unnum í undanúrslitum deildarbikarsins og svo á Stamford Bridge er við unnum deildina annað árið í röð. Þið getið líka talið með sigurinn í bikarnum árið 2007. Minn persónulegi árangur gegn United færir mér mikið sjálfstraust fyrir leikinn," sagði Mourinho kokhraustur eins og venjulega.

Sir Alex er í vandræðum með varnarlínuna sína fyrir kvöldið. Nemanja Vidic er í banni og Jonny Evans haltraði af velli um helgina. Wes Brown og Gary Neville eru einnig meiddir og svo er John O´Shea slæmur í hælnum. Mourinho segist ætla að nýta sér fjarveru Vidic.

„Við munum reyna að gera United-vörninni erfitt fyrir án hans. Það eru nánast allir heilir hjá okkur og með stuðningi áhorfenda og reynslu okkar manna eigum við að geta gert kvöldið erfitt fyrir United," sagði Mourinho í pistli sínum í Daily Telegraph og bætti við að Zlatan Ibrahimovic þyrfti að sýna sinn besta leik í kvöld.

Ferguson hefur eðlilega mestar áhyggjur af því hverjum hann eigi að stilla upp í miðju varnarinnar.

„Þetta er martröð og einhvers staðar verð ég að finna tvo miðverði," sagði Ferguson en Evans og O´Shea flugu með liðinu til Mílanó og kemur eflaust ekki í ljós fyrr en í kvöld hvort þeir geti spilað.

Arsenal verður án Rússans Andrey Arshavin í leiknum gegn Roma í kvöld en Rússinn má ekki spila þar sem hann lék með Zenit St. Pétursborg í keppninni fyrr í vetur.

Emmanuel Adebayor og Eduardo eru þess utan meiddir. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, treystir á að Denilson verði lykilmaðurinn hjá Arsenal á miðjunni.

**henry@frettabladid.is**



**FJENDUR OG FÉLAGAR** Jose Mourinho segir að það sé stríð á milli hans og Fergusons meðan á leik stendur en eftir leiki eru þeir alltaf góðir félagar. NORDIC PHOTOS/AFP

**MEISTARADEILD EVRÓPU**

**Leikir kvöldsins:**

| | |
|---|---|
| Inter - Man. Utd | Stöð 2 Sport |
| Arsenal - Roma | Sport 3 |
| Lyon - Barcelona | Sport 4 |
| Atletico Madrid - Porto | |




**STEVEN GERRARD** Mun hugsanlega spila á miðvikudag. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Steven Gerrard:

## Er í hópnum gegn Real

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, er í leikmannahópi liðsins fyrir leikinn gegn Real Madrid í Meistaradeildinni á miðvikudag.

Gerrard hefur verið fjarverandi síðan hann tognaði aftan í læri í bikarleik gegn Everton fyrr í mánuðinum.

Jafnvel var búist við honum um helgina en það gekk ekki upp. Hann æfði með liðinu í gær og ætti að vera leikfær á miðvikudag.

„Það var ekkert vesen á æfingunni. Reyndar var þetta sérstök æfing þannig að við reyndum hann ekki að fullu en við sjáum hvað setur," sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool. **- hbg**


Mikilvægt skref í átt að þínum frama

challenge & innovation



BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

AP Degree & Bachelor Programme
- we offer you the following programmes:

**Marketing Management**
*Möguleg störf: Markaðsstjórnun, auglýsingaráðgjöf, viðskiptastjórnun, innkaupastjórnun og m.fl.*
*Námsstaður: Esbjerg eða Sønderborg – Tungumál: Enska eða danska.*

**Computer Science**
*Möguleg störf: Kerfishönnun, forritun, hugbúnaðarráðgjöf, verkefnastjórnun, kerfisstjórnun*
*Námsstaður: Esbjerg eða Sønderborg – Tungumál: Enska*

**Multimedia Design & Communication**
*Möguleg störf: Vefsíðuhönnun, vefþróun, margmiðlunarráðgjöf, skipulagning auglýsingamála, ráðstefnustjórnun*
*Námsstaður: Esbjerg – Tungumál: Enska.*

**Fashion Design**
*Möguleg störf: Skipulagning og eftirfylgni verkferla og verkefna í fata og tauefnaiðnaði, með hönnun, framleiðslu og kaup & sölu.*
*Námsstaður: Sønderborg – Tungumál: Enska.*

**Technical Manager Offshore**
*Vertu með til að byggja upp íslenskan olíuiðnað.*
*3ja ára bachelornám sem gerir þig hæfan til að vinna með Stjórnun og hönnun, ásamt daglegri starfsemi og viðhaldi tækni og tækjamála.*
*Námsstaður: Esbjerg – Tungumál: Danska*

Nánari uppl. www.easv.dk

Kynning á hótel Hilton - Nordica í dag kl. 18.00

STUDY IN DENMARK
ESBJERG
SØNDERBORG



ea BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

ESBJERG
Sp. Kirkevej 103
DK-6700 Esbjerg
Tel + 45 7613 3200

SØNDERBORG
Grundtvigs Alle 88
DK-6400 Sønderborg
Tel + 45 7412 4141

# KILLZONE 2 OPNUN
## Í KRINGLUNNI OG Á SELFOSSI




PS3
7.950,-

Opið til kl 21.00!

**SALA HEFST Í KVÖLD KL. 20:00**
Sérstakt verð aðeins þetta eina kvöld!
7.950 krónur ásamt geggjuðum kaupauka!

## NÝIR LEIKIR Á BETRA VERÐI Í KRINGLUNNI OG Á SELFOSSI




PS3 & XBOX 360 8.999,-




XBOX 360, PS3 & PC 8.999,-




NÝTT
PS3 & PC Frá 4.999,-




XBOX 360 7.999,-




PS3 & XBOX 360 6.999,-

### FÁÐU ENN MEIRA FYRIR LEIKINA MEÐ SÓLKERFINU!




*Sólkerfi Gamestöðvarinnar er bónuskort þar sem þú getur fengið Pizzuveislu, Bíómiða, Moutain Dew, Orku, inneignir og fleira!*

NÝTT í Gamestöðinni!

### STREETFIGHTER IV
Á PS3 OG XBOX 360




*Einnig fáanleg í sérútgáfu, full af góðgæti aðeins 9.499 kr.*

XBOX 360 & PS3
7.999,-

SVONA VIRKAR GAMESTÖÐIN
1 KOMDU MEÐ GÖMLU LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA
2 SKIPTU ÞEIM UPP Í...
3 KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!

GAME STÖÐIN

SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA

KRINGLAN & SELFOSS · 553 0377



> **Catherine Zeta-Jones**

„Galdurinn á bak við hamingjusamt hjónaband er að hjónin hafi hvort sitt baðherbergið.“

Zeta-Jones er gift leikaranum Michael Douglas en hún leikur í myndinni No Reservations sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON LES FRÉTTIR UM FURÐUDÝR

## *Risakyrkislöngur með liðuga kjálka*

Sunnudagar eru óhjákvæmilega stundum dagar þegar maður áorkar ekki miklu meiru en að henda sér í sófann og kveikja loks á Digital Ísland tækinu í þeirri veiku von að eitthvað áhugavert og helst heilalaust verði á vegi manns. Ég gerði akkúrat þetta í fyrradag og fannst eins og það eina sem væri í boði á sunnudagseftirmiðdegi væru alvarlegir íslenskir kreppuumræðuþættir þar sem spyrlar veifa blokkum og pennum eins og menntaskólakrakkar eða endalaust framboð af Idol(í bæði íslenskri og bandarískri útgáfu). Náttúrulífsþættir á Discovery klikka þó seint og ég varð bergnumin af heimildarmynd um risavaxnar kyrkislöngur sem geta torgað heilli antilópu, krókódíl eða jafnvel manni í einum munnbita. Mér hefur ávallt þótt kyrkislöngur hressandi fyrirbæri, allt frá því að litli prins St. Éxuperys teiknaði slöngu sem át fíl en allt fullorðna fólkið hélt að hann væri að teikna hatt. Risakyrkislöngur, samkvæmt þessum heillandi þætti, eru með svo liðuga kjálka að þær geta gleypt stærðarinnar dýr þó að engin hafi enn gerst svo kræf að gleypa fíl. Svo liggja þær á meltunni í næstum heilt ár þangað til þær þurfa að nærast á ný. Mikil var svo undrun mín þegar ég fór á vefinn sama kvöld og sá frétt um risavaxna kyrkislöngu í Borneó en skepnan sú hafði náðst á loftmynd þar sem hún er á sundi í frumskógará. Það er ekki furða að heimamenn séu skelfingu lostnir því að slangan lítur út fyrir að vera um fimmtíu metrar á lengd og gæti án efa torgað heilu þorpi. Það er allavega ljós punktur í tilverunni að þrátt fyrir að Íslendingar séu að sligast undan áhyggjum og kreppufréttum eru að minnsta kosti engin hættuleg dýr í næsta nágrenni, að minnsta kosti engin sem við vitum af.



**SKRÍMSLI?** Risavaxin bóa-kyrkislanga náðist á mynd um helgina, ef myndin reynist ófölsuð.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.30 Inter - Man. Utd.** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 The Biggest Loser** SKJÁREINN



▶ **20.25 How I Met Your Mother** STÖÐ 2



▶ **21.15 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.20 Dauðir rísa** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**15.45 Erfiðir tímar** (e)
**16.00 Fréttaaukinn** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Bjargvætturin** (18:26)
**17.55 Lítil prinsessa** (5:15)
**18.05 Þessir grallaraspóar** (1:10)
**18.10 Skólahreysti** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (14:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar.
**20.55 Klútatilraunin** (Törklæde-xperimentet) (1:3) Dönsk þáttaröð. Femínisti, fyrirsæta og kristin lesbía sem kennir trúarbragðafræði ganga með höfuðklút að hætti múslimakvenna í fjóra daga og segja frá upplifun sinni.
**21.25 Á tali - Harold Bloom** (Clement interviewer: Harold Bloom) Dönsk þáttaröð. Clement Behrendt Kjersgaard ræðir við bókmenntafræðinginn Harold Bloom, meðal annars um Shakespeare, Harry Potter, Stephen King og George Bush.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.20 Dauðir rísa** (Waking the Dead V) (11:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst.
**23.15 Hvarf** (Cape Wrath) (5:8) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Nanny McPhee**
**10.00 Prime**
**12.00 No Reservations**
**14.00 Lake House**
**16.00 Nanny McPhee**
**18.00 Prime**
**20.00 No Reservations** Rómantísk gamanmynd með Catherine Zeta-Jones.
**22.00 Edison**
**00.00 Little Miss Sunshine**
**02.00 The Night We Called It a Day**
**04.00 Edison**
**06.00 My Super Ex-Girlfriends**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór og Krakkarnir í næsta húsi.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (259:300)
**10.15 Wipeout** (11:11)
**11.15 Ghost Whisperer** (39:44)
**12.00 Men in Trees** (5:19)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sjáðu**
**13.40 Warm Springs**
**15.35 Saddle Club**
**15.58 Tutenstein**
**16.18 Stuðboltastelpurnar**
**16.43 Ben 10**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Neighbours**
**17.58 Friends** (4:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (14:22)
**20.00 Worst Week** (10:15)
▶**20.25 How I Met Your Mother** (7:20)Við fáum að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig Ted kynnist móður barnanna sinna.
**20.50 Burn Notice** (12:13) Njósnarinn Michael Westen er settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda. Hann gerist einkaspæjari í heimabæ sínum þar sem verkefnin geta orðið ansi ómerkileg fyrir „alvörunjósnara“.
**21.35 Rescue Me** (11:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York.
**22.20 Jamie's Eat to Save Your Life**
**23.10 Auddi og Sveppi**
**23.40 Grey's Anatomy** (13:24)
**00.25 Primeval**
**01.55 Warm Springs**
**03.50 Silent Witness** (8:10)
**04.45 Worst Week** (10:15)
**05.05 The Simpsons** (14:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### SPORT besta sætið

**15.40 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
**16.10 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Qualcomm Stadium í San Diego.
**17.05 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
**18.30 Meistaradeildar Evrópu - Fréttaþáttur** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir.
**19.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun** Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.
▶**19.30 Inter - Man. Utd.** Bein útsending frá leik Inter og Man. Utd í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Arsenal - Roma Sport 4. Lyon - Barcelona
**21.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
**22.10 Arsenal - Roma** Útsending frá leik Arsenal og Roma í Meistaradeild Evrópu.
**00.00 Lyon - Barcelona** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**01.50 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

### SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Hull - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.40 Middlesbrough - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Aston Villa - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**18.30 Coca Cola mörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað.
**19.00 Fulham - WBA** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Liverpool - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.15 Arsenal - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.55 Vörutorg**
**17.55 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.40 Spjallið með Sölva** (1:6) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. (e)
**19.40 Káta maskínan** (4:9) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar.
▶**20.10 The Biggest Loser** (5:24) Nú þurfa fitubollurnar að standast freistingar. Þeir eru sendir inn í herbergi sem er fullt af óhollum kræsingum og hafa fjórar mínútur til að koma niður eins miklum kaloríum og þeir vilja. Í líkamlegu keppninni þurfa liðin að keppa við fjórða liðið sem er skipað krökkum.
**21.00 Top Design** (8:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þau að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndaríkri hönnun og frumleika. Keppendurnir sem eftir eru eiga nú að hanna nýtískulegt hótelherbergi fyrir háklassahótel í Los Angeles.
**21.50 The Dead Zone** (11:12) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Gamall óvinur snýr aftur og ætlar að ná fram hefndum gegn Johnny sem er í kapphlaupi við tímann við að bjarga hinni óléttu Söru úr klóm hans.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 CSI** (6:24) (e)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Blátt áfram - ábyrgðin er okkar!

Sjónvarpsþáttur um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum sýndur í kvöld kl. 21.00 á ÍNN.

Umsjón hefur *Sigríður Björndóttir* en gestir hennar *Páll Ólafsson, Ingólfur Vilhelmsson* og *Ásta Gunnarsdóttir* fjalla um unglingafræðslu og mikilvægi hennar.

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is

Blátt áfram eru sjálfstæð félagasamtök og er tilgangur samtakanna að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Forvarnir snúast um fræðslu. Fræðslu fyrir börnin, unglingana, foreldra og aðstandendur

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### Worst Week



Hættulega fyndnir gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvonandi tengdaforeldra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra eigi von á barni og að hann ætli að giftast henni. Til að gera langa sögu stutta þá fer nákvæmlega allt úrskeiðis sem hugsast getur.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Káta maskínan

**Skjáreinn kl. 19.40**

Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn. Í þættinum í kvöld kemur Þorsteinn Joð víða við að vanda. Meðal efnis í þættinum er tilfinningaþrungið landslag, túrbóselló, Hamarinn litaleiðréttur og sá gamli, Kjartan Ragnarsson, snýr aftur til Leikfélagsins.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Horfinn heimur - aldamótin 1900
**15.03** Útvarpssagan: Í frostinu
**15.30** Horace Silver kvintettinn leikur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu
**23.05** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (131:260)
**16.30 Hollyoaks** (132:260)
**17.00 Seinfeld** (1:22)
**17.30 Ally McBeal** (13:24)
**18.15 The O.C.** (10:27)
**19.00 Hollyoaks** (131:260)
**19.30 Hollyoaks** (132:260)

**20.00 Seinfeld** (1:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**20.30 Ally McBeal** (13:24) Ungur hvítblæðissjúklingur vill kæra Guð fyrir hvernig komið er fyrir honum og Cage og Fish verja skjólstæðing sem ákærður er fyrir morð.

▶ **21.15 The O.C.** (10:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lifið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**22.00 The Lost Room** (3:6) Dularfull spennuþáttaröð í anda Stephens King sem sífellt tekur óvænta stefnu. Joe Miller er lögreglumaður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykil sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf ganga að einu og sama mótelherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér sér stað.

**22.45 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.

**23.30 Auddi og Sveppi**
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Formaður Skógræktarfélags Íslands, Magnús Gunnarsson, er gestur Ingva Hrafns.

**21.00 Blátt áfram** Umsjón hefur Sigríður Björndóttir en gestir hennar eru Páll Ólafsson, Ingólfur Vilhelmsson og Ásta Gunnarsdóttir.

**21.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir alþingiskona ræðir um viðhorf til efnahagsmála. Neytendahornið er á sínum stað.

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Godt arbejde **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM - Din digitale medieguide **15.30** Braceface **15.50** Grufulde gangstere **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen **19.30** I fremmed fængsel **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Beck. Det svage led **22.35** Livvagterne **23.30** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Naturopplevelser **11.30** VM på ski **14.00** NRK nyheter **14.05** Livet i Fagervik **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Travelbymysteriene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Landeplage **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** VM-kveld **21.00** Brennpunkt **21.50** Extratrekning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Hus i sand og skodde **00.15** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Skicross **11.45** Skidor **14.00** Diplomaterna **14.30** Öga mot öga **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Skidor **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mästarnas mästare **20.00** Andra Avenyn **20.45** Oscarsgalan 2009 **22.15** Kulturnyheterna **22.30** Sommer **23.30** Sändningar från SVT24

www.oryggi.is

# Það hefði getað farið verr...

**Endurnýjaðu öryggishnappinn án endurgjalds í febrúar og fáðu reykskynjara í kaupbæti.**




## Öryggishnappur eldri borgara

**Öryggishnappur – armband eða hálsmen**
Þegar þrýst er á öryggishnappinn berast boð strax til vaktmiðstöðvar Öryggismiðstöðvarinnar.

**Beintengdur reykskynjari**
Öryggishnappnum fylgir reykskynjari sem er beintengdur vaktmiðstöð Öryggismiðstöðvarinnar.

**Hringdu í 570 2400 og fáðu öruggari öryggishnapp!**

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta á Bylgjuna og Rás 2. Mér finnst þetta þægilegar stöðvar að hlusta á.“*

Sigurður Oddur Sigurðsson bakari.

# Gefur hvalpiparsteikur á bjórdaginn

„Já, þannig er að 1. mars. á sunnudag, á bjórdag, á tuttugu ára afmælisdegi staðarins býð ég öllum landsmönnum upp á hvalpiparsteik. Opið hjá mér frá klukkan fjögur og fram eftir,“ segir Úlfar Eysteinsson vert á Þremur Frökkum í Þingholtunum.

Úlfar er einn þeirra sem fagnar mjög þeirri heimild Einars K. Guðfinnssonar, sem hann gaf út korteri áður en hann hætti sem sjávarútvegsráðherra, til veiða á 150 langreyðum á ári til ársins 2013 sem og veiðum á 100-150 hrefnum á ári. Málið olli miklum deilum, fjölmargir lýstu ánægju sinni með ákvörðun Einars, en aðrir fordæmdu hana – einkum þeir sem starfa í ferðamálabransanum. En Úlfar blæs á þær raddir. „Ég er mjög ánægður með að menn séu farnir að veiða hval aftur. Mikil ósköp,“ segir Úlfar. Hann bendir á að hrefnukvótinn í fyrra hafi verið með þeim ósköpum að hann var farinn að leggja drög að því að kaupa kjöt frá Noregi. „Ég var að nota tíu prósent af kvótanum! Eitt lítið veitingahús með 44 sæti. Fjórutíu dýr veidd og ég nota fjögur. Já, blessaður. Menn gleypa þetta í sig. Útlendingarnir koma úr hvalaskoðun og svo hingað til að bragða hval.“ - jbg



**ÚLFAR MEÐ VÆNAN HVALKJÖTSBITA** Í fyrra voru 40 hrefnur veiddar og af þeim notaði Úlfar á sínum litla veitingastað fjögur dýr. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**LÁRÉTT**
**2.** andlegt áfall, 6. frá, 8. kúgun, 9. gogg, 11. utan, 12. slæm skrift, 14. drepa, 16. tónlistarmaður, 17. pumpun, 18. eyrir, 20. tveir eins, 21. fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dangl, 3. tveir eins, 4. stífa, 5. málmur, 7. nýr, 10. flík, 13. viljugur, 15. flatormur, 16. kóf, 19. slá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. lost, 6. af, 8. oki, 9. nef, 11. án, 12. krafs, 14. stúta, 16. kk, 17. sog, 18. aur, 20. ðð, 21. frár.
**LÓÐRÉTT:** 1. bank, 3. oo, 4. skástoð, 5. tin, 7. ferskur, 10. fat, 13. fús, 15. agða, 16. kaf, 19. rá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Rennibrautin verður 80 metra löng.
2. Forstjóri Varnarmálastofnunar.
3. Steve Cosser.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON: GERÐI MISTÖK Í DÓMARASTÓL GETTU BETUR

# Heimspeki Ólafs veldur usla

„Ég er opinn fyrir því að hugsanlega hafi mér orðið þarna á mistök og að ég skuldi Suðurnesjabúum stig og afsökunarbeiðni,“ segir Davíð Þór Jónsson, dómari í Gettu betur.

Í viðureign Menntaskólans við Hamrahlíð og Fjölbrautaskóla Suðurnesja á laugardag, sem MH sigraði örugglega, var sýnt frægt sjónvarpsviðtal við Ólaf Stefánsson á Ólympíuleikunum þar sem hann líkti sjálfum sér við Morfeus. Spurt var hvaða náunga Ólafur hafi verið að tala um og FS fékk rangt fyrir svarið Morfeus úr kvikmyndinni The Matrix á meðan MH fékk rétt fyrir grískan svefnguð.

Í viðtali við Fréttablaðið í haust var Ólafur spurður út í ummælin og þá svaraði hann: „Morfeus er held ég svefnguð. Það var ekki sá. Þaðan kemur samt Morfeus úr Matrix.“

Davíð Þór segist ekki hafa séð umrætt viðtal við Ólaf og því byggði hann svar sitt á öðru viðtali sem var tekið við skyldmenni hans. „Þar var talað um að hann væri að vísa í gríska goðafræði, að þetta væri draumi líkast og því liði honum eins og draumaguðinum,“ segir Davíð. „Ég vissi ekki betur en spurningin væri rétt. Það má segja að svarið hjá MH hafi verið alveg hárrétt en það er hins vegar spurning hvort spurningin hafi verið rétt.“

Þrátt fyrir að Davíð hafi þarna orðið á mistök finnst honum Matrix-svar Ólafs samt frekar langsótt. „Ég skil ekki alveg tenginguna við þennan Laurence Fishburne-karakter í The Matrix, merkingarlega.“

Arnþór Elíasson, liðsmaður FS, varð undrandi þegar þeir fengu rangt fyrir Matrix-svarið. „Við bentum honum góðlátlega á það eftir keppnina að hann (Ólafur) hefði sagt þetta einhvern tímann. Hann ætlaði að tékka aðeins á þessu,“ segir Arnþór um samskipti sín við Davíð Þór. „En það var lítið við þessu að gera og ekki sízt vegna þess... ", 



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**MORFEUS TIL UMRÆÐU**

**Davíð Þór Jónsson** virðist hafa misskilið heimspeki landsfyrirliðans **Ólafs Stefánssonar.** Davíð taldi að í viðtali hafi Ólafur rætt um gríska svefnguðinn Morfeus þegar hann átti í raun við Morfeus úr Matrix-myndunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Jóhannes Kr. Kristjánsson** sem gjarnan er kenndur við þáttinn Kompás, reyndi mikið til að fá að hafa nafnið með sér þegar honum var sagt upp störfum á Stöð 2. En hann kom að lokuðum dyrum hjá Ara Edwald, forstjóra 365, sem telur nokkur verðmæti fólgin í nafni og merki þáttarins. Jóhannes og Kristinn Hrafnsson hafa fullan hug á að finna fréttamennsku sinni annan vettvang og eru að vinna áfram í málum sem voru á teikniborðinu þegar þátturinn var tekinn af dagskrá fyrir um mánuði.

Gríðarleg eftirvænting var meðal veiðimanna þegar dregin voru út heindýraleyfi um helgina. Kvótinn nemur 1.333 dýrum og var um einn á móti þremur að menn fengju. Meðal þeirra nafna sem komu úr pottinum var athafnamaðurinn **Engilbert Runólfsson** og sá sem ekki hefur fjallað hvað minnst um hann á síðum DV, eða fyrrverandi ritstjóri þar á bæ, Mikael Torfason.



Listamenn hjá Kimi-útgáfunni, til að mynda Benni Hemm Hemm, Hjaltalín og FM Belfast, ákváðu að sniðganga íslensku tónlistarverðlaunin í fyrra, aðallega vegna þess að þeim fannst óboðlegt að þurfa að greiða fyrir möguleikann á að hljóta tilnefningu. **Sigríður Thorlacius** og aðrir listamenn Kimi þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu næst því Jakob Frímann tilkynnti á hátíðinni í síðustu viku að hér eftir þyrfti ekki að greiða fyrir þátttökuna.



- jbg, drg





Í Markaðnum á morgun

HVAÐA BANKI STÓÐ VERST ?

HVERNIG VINNUM VIÐ OKKUR ÚT ÚR KREPPUNNI? JEFFREY SACHS LES Í STÖÐUNA.

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

# Hemmi finnur rokkarann í sér

Hemmi Gunn verður eitt aðaltromp tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður um páskana. „Það er aldrei of seint að finna rokkarann í sér,“ segir Hemmi, sem ætlar að troða upp með vestfirsku hljómsveitinni Kraftlyftingu og taka sín þekktustu lög. Hemmi var fyrir vestan á síðustu hátíð. „Ég og fóstra mín áttræð vorum á hótelinu að horfa á hann Ragga Bjarna vin minn og þá voru strákarnir að tuða í mér að taka lagið með sér, Högni í Hjaltalín og fleiri. Þá fannst mér bara of kalt í skemmunni til að taka slaginn. Nú ætla ég að mæta og standa mig.“

Sólóplata Hemma frá 1984, Frískur og fjörugur, hefur í seinni tíð orðið hálfgert „költ“ og lög eins og „Út á gólfið“, „Fallerí fallera“ og ekki síst „Einn dans við mig“ vekja jafnan upp gríðarlegt stuð þegar þau heyrast. Ljóst má vera að það verður einn af hápunktum hátíðarinnar þegar Hemmi tekur lögin „læf“. „Mér finnst gaman að vera með ungu og hressu fólki. Og mér finnst alveg frábært framtak að þessi litli staður sé að verða mekka rokksins, þökk sé hátíðinni,“ segir Hemmi. Hann er þessa dagana fyrir vestan, „í hleðslu“, eins og hann kallar það.

Dagskrá Aldrei fór ég suður er nú óðum að skýrast og verða fleiri nöfn tilkynnt í vikunni. - drg



**TEKUR SLAGINN** Hemmi Gunn treður upp með Kraftlyftingu á Aldrei fór ég suður. Búast má við gríðarlegum hressleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Honum finnst vitaskuld leitt að hafa dottið úr keppninni en játar að FS hafi einfaldlega mætt ofjörlum sínum. „Við vorum búnir að æfa í einn og hálfan mánuð fyrir keppnina en þeir hafa væntanlega æft aðeins meira en við. Þeir voru bara betri en við.“

freyr@frettabladid.is

# Gerðu bestu kaupin í Debenhams

Bestu Kaupin



Dömubolur

Margir litir **Verð 1390,-**

Bestu Kaupin



Herrasloppur

Tveir litir **Verð 1990,-**

Bestu Kaupin



Dömunáttbuxur **Verð 2990 ,-**

Bestu Kaupin




Herrasokkar

Sjö í pakka **Verð 1990,-**

Bestu Kaupin



Hettupeysa **Verð 2990,-**

Bestu Kaupin



Dömunærbuxur

Fást í svörtu og hvítu
Fimm í pakka **Verð 1990,-**

Bestu Kaupin



Thomas Nash bindi

Margir litir **Verð 1390,-**

Bestu Kaupin



Debut pils **Verð 7990,-**

Bestu Kaupin



Sokkabuxur

60DEN
Tvennar í pakka **Verð 1990,-**

Gæði og gott verð!

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is
Opið 07 til 02
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## Smá sannindi og góð

Nýverið fór ég inn á spítala. Þar inni rak ég augun í nokkur vönduð tæki og muni sem á stóð að hefðu verið gefin af félagasamtökum á borð við Lions, Kiwanis, Oddfellow og kvenfélögum ýmiss konar. Þessi tæki bættu stofnunina og þar með líðan þeirra sem þurftu á þjónustunni þar inni að halda og ég velti fyrir mér því mikla starfi sem félagasamtök hér á landi inna af hendi án þess að störfum fólksins innan þeirra sé gefinn mikill gaumur, ef nokkur.

**VIÐ** tökum góðvildinni sem sjálfsagðri og göngum að henni sem vísri. Það hef ég sjálf gert og á ég minningar um fjölda fréttatilkynninga sem ekki þóttu þó efni í fréttir þótt þær innihéldu vitnisburð um mikið og óeigingjarnt starf og gjafmildi venjulegs fólks. Aftur á móti á ég einnig fjölda minninga um fréttir af góðverkum fínni karla.

**GÆFI** svokallaður auðmaður tæki, tól, aðgöngumiða, styrk til íþróttafélags eða eitthvað álíka sem líkast til var lagt til af ímyndarsérfræðingi, upplýsingafulltrúa nú eða áhugamáli gefandans, þótti það fréttnæmt. Fólk tók andköf af því að heyra af góðvild þessa góða auðmanns, velti því fyrir sér hve ægilega mikilvægt það væri fyrir samfélagið að eiga svona ofsaríka menn. Það gleymdi þó oftast að hugsa til þess að flest fólk gefur reglulega styrk til góðs málefnis sem hlutfallslega var sambærilegur styrk fína mannsins.

**VANGAVELTURNAR** rifjuðust upp fyrir mér í gær þegar ég skoðaði litlar peysur sem gamlar konur höfðu prjónað og gefið Rauða krossi Íslands. Þótt fréttir alls staðar í heiminum segi oftast frá fólki sem á einhvern hátt þykir merkilegri en fjöldinn þá skiptir meðaljóninn og gerðir hans afskaplega miklu máli og hamingja okkar stýrist miklu frekar af fólkinu í kringum okkur heldur en öðru, þótt klisjulega hljómi.

**GÓÐAN DAG!**
Í dag er þriðjudagurinn 24. febrúar, 55. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.52 | 13.41 | 18.31 |
| Akureyri | 8.42 | 13.26 | 18.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík s: 421 4444 - Selfoss s: 575 1460 - Akranes s: 431 2622 - Akureyri s: 461 2533 - Egilsstaðir s: 471 2524